

Barnabókasetur Íslands

Rannsóknarsetur um barnabókmenntir og lestur barna við Háskólann á Akureyri

Lestrarvenjur ungra bókaorma



Kristín Heba Gísladóttir, Þorbjörg Ólafsdóttir,
Brynhildur Þórarinsdóttir og Herdís Anna Friðfinnsdóttir



Lestrarvenjur ungra bókaorma
© Barnabókasetur Íslands
Akureyri, 2013

Barnabókasetur Íslands
Háskólanum á Akureyri,
Sólborg við Norðurslóð
600 Akureyri

ISBN 978-9979-72-524-4

9789979725244

Um rannsóknina

Rannsóknin *Lestrarvenjur ungra bókaorma* var unnin á vegum Barnabókaseturs Íslands sumarið 2012 með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Rannsókninni stýrði Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri og stjórnarformaður Barnabókaseturs, ásamt Herdísí Önnu Friðfinnsdóttur, umsjónarmanni barnastarfs á Amtsbókasafninu á Akureyri. Um framkvæmd rannsóknarinnar sáu tveir meistaranemar við HA, Kristín Heba Gísladóttir og Þorbjörg Ólafsdóttir. Markmið rannsóknarinnar var að öðlast skilning á því hvaða þættir það eru sem móta lestrarvenjur barna; hvað það er sem gerir börn að lestrarhestum. Um eigindlega rannsókn var að ræða þar sem tekin voru hálfopin viðtöl við sex rýnihópa, annars vegar 17 börn sem tóku þátt í sumarlestrarnámskeiði á Amtsbókasafninu á Akureyri, hins vegar sjö börn í tveimur viðmiðunarhópum. Í rannsókninni kom fram mikill munur milli hópanna, einkum hvað varðaði lestrarfyrirmyndir á heimilum barnanna og viðhorf barnanna til bóklestrar. Sérstaka athygli vakti hversu óvön börnin voru að tjá sig um bækur og lestur. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa mikilsverðar vísbindingar um hvað gera þurfi til að efla lestraráhuga barna og unglunga almennt, bæði í skólakerfinu og á samfélagsvísu.

*Bæði bókaormar og viðmiðunarhópar töldu hægt að efla lestraráhuga barna.

*Börnin í viðmiðunarhópunum gátu ekki lýst gagnsemi lestrar, öfugt við bókaormana.

*Bókaormar hafa mun frekar lestrarfyrirmyndir heima hjá sér, það er sjá foreldra sína / systkini lesa sér til ánægju.

*Bæði mæður og feður tóku virkan þátt í lestraruppeldi bókaormanna en fyrst og fremst mæður barnanna í viðmiðunarhópunum.

*Bókaormar kvarta yfir skorti á nýjum bókum á skólasöfnunum en eru almennt ánægðir með þá aðstoð sem þeir fá þar.

*Óvanir lesendur velja frekar bækur af handahófi eða bækur sem virðast vera fyrir þeirra kyn.

Efnisyfirlit

Um rannsóknina	2
Inngangur	5
Rannsóknir á bóklestri barna og unglina.....	6
Sumarlestur	8
Lestraruppeldi	8
Viðhorf til lesturs	9
Lesefni.....	9
Skólarnir.....	11
Aðferð	12
Þátttakendur	12
Tæki	13
Rannsóknarsnið.....	13
Framkvæmd	15
Úrvinnsla gagna	18
Niðurstöður	19
Greining á viðtölum við lestrarhesta	19
Lestur og lestraruppeldi	20
Viðhorf til lesturs	22
Lesefni.....	25
Skólarnir.....	30
Að auka lestur	31
Bókasöfn	32
Greining á viðtölum við viðmiðunarhópa	34

Lestur og lestraruppeldi	35
Viðhorf til lesturs	36
Lesefni.....	38
Skólarnir.....	40
Að auka lestur	40
Bókasöfn	41
Greining á útlánsögnum Amtsbókasafnsins.....	42
Greining á skólum	43
Umræða.....	45
Lestur og lestraruppeldi	45
Viðhorf til lesturs	46
Lesefni.....	47
Skólarnir.....	50
Að auka lestur	51
Bókasöfn	51
Hagnýtt gildi rannsóknarinnar	52
Heimildaskrá	54
Viðauki 1.....	57
Viðauki 2.....	61
Viðauki 3.....	65

Töfluyfirlit

Tafla 1: Útlán barna fæddra á árunum 2002–2003 á Amtsbókasafninu í júní 2012.....	42
Tafla 2: Skipting þátttakenda eftir skólum á sumarlestrarnámskeiði Amtsbókasafnsins	43

Inngangur

Síðustu áratugi hefur umtalsvert dregið úr bóklestri íslenskra barna. Auk þess lesa sífellt færri börn mikið, eru lestrarhestar (Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir, 2009). Evrópska ESPAD rannsóknin 2007 leiddi í ljós að 23% 15–16 ára íslenskra unglinga lesa aldrei bækur sér til skemmtunar (Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010). ESPAD rannsóknin 2011 sýnir svoltinn viðsnúning en bóklaus börn á Íslandi eru þó enn stór hópur eða 21% tíundubekkinga (Brynhildur Þórarinsdóttir, Þóroddur Bjarnason og Andrea S. Hjálmsdóttir, 2012). PISA rannsóknin 2009 bendir að sama skapi til þess að lesskilningur íslenskra unglinga fari batnandi eftir að hafa verið á niðurleið frá aldarmótum. Hópur þeirra sem illa standa er þó enn stór, en um 16% nemenda í tíunda bekk hafa mjög slakan lesskilning (Almar Miðvík Halldórsson, 2011). Þessar rannsóknir kallast á þar sem skýrt samband er milli áhuga á bóklestri og árangurs í lesskilningi. Bæði eigindlegar og meginlegar rannsóknir hafa sýnt að samband er á milli yndislestrar og árangurs í skóla. Ítrekað hefur verið sýnt fram á að það hve mikið börn lesa utan skólans tengist orðaforða þeirra, lesskilningi, þekkingu á inntaki námsgreina (e. content knowledge) og orðflæði (e. verbal fluency) (Hughes-Hassel og Rodge, 2008). Lesskilningur er því lykilatriði fyrir allt nám (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Níelsson og Júlíus K. Björnsson, 2010). Þeir nemendur sem lesa í frítíma sínum standa því betur að vígi að mörgu leyti og sést það meðal annars á frammistöðu þeirra í kunnáttuprófum (e. achievement tests) (Hughes-Hassel og Rodge, 2008).

Mikilvægt er að komast að því hvernig efla megi og viðhalda áhuga grunnskólabarna á bóklestri. Niðurstöður slíkra rannsókna hafa hagnýtt gildi bæði fyrir skólafólk og yfirvöld menntamála þar sem áhugi á lestri bóka hefur jákvæð áhrif á lesskilning og þar með námsárangur. Í þessari rannsókn er sjónum beint að börnum sem mikinn áhuga hafa á bóklestri. Markmiðið er að draga upp mynd af ungum lestrarhestum, lestrarvenjum þeirra, bakgrunni og mótunarþáttum og þar með leita leiða til að efla áhuga barna á bóklestri.

Rannsóknir á bóklestri barna og unglunga

En hvað er það sem gerir börn og unglunga að áhugasömum og virkum lesendum? Rannsóknir hafa sýnt að ákveðnir þættir í uppeldi og aðstæðum barnanna skipta máli. ESPAD rannsóknin sýnir að stúlkur eru mun líklegri en drengir til að lesa daglega. Unglingar sem eiga foreldra með háskólagráðu eru tvöfalt líklegri til að lesa daglega. Unglingar sem telja fjölskyldu sína búa við laka efnahagslega stöðu eru líklegri til að lesa bækur daglega heldur en þeir sem telja efnahagslega stöðu fjölskyldu sinnar besta en þess má þó geta að þetta samband er öfugt annars staðar í Evrópu. Þeir nemendur sem stunda íþróttir eru ólíklegri til að lesa aldrei bækur. Þeir sem telja sig vera meðal þeirra bestu í skóla eru ólíklegri til að lesa aldrei. Unglingar sem reykja ekki og drekka ekki eru einnig líklegri til að lesa sér til yndis (Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010).

Langtímarannsóknin Börn og sjónvarp á Íslandi var fyrst lögð fyrir árið 1968 og hefur að markmiði að skoða fjölmiðlanotkun íslenskra ungmenna. Frá upphafi hefur verið spurt um bóklestur, að frátöldum lestri bóka fyrir skólann, síðustu 30 daga. Árið 1968 þegar könnunin var fyrst lögð fyrir höfðu 11% þátttakenda ekki lesið neina bók síðustu 30 daga, árið 2009 voru það hins vegar 28% þátttakenda. Að sama skapi hefur þeim fækkað sem lásu 10 eða fleiri bækur síðustu 30 daga, úr 10% árið 1968 og niður í 4% árið 2009 (Þorbjörn Broddason o.fl., 2009). Hafþór Guðjónsson (2008) gengur svo langt að spyrja hvort íslenskir nemendur séu læsir við lok grunnskóla.

En hvað er læsi? Margir myndu svara því til að það væri það að geta lesið, vera læs. Í PISA rannsókninni er dýpri skilningur á hugtakinu og lögð áhersla á að læsi feli í sér getuna til að draga ályktanir, nýta þekkingu sína og leysa ýmis viðfangsefni við ólíkar aðstæður. Auk þess tengist það hæfileikanum til að miðla upplýsingum og túlka þær (Hafþór Guðjónsson, 2008 og Almar M. Halldórsson o.fl., 2010).

PISA rannsóknin er umfangsmesta rannsókn heims á lestrarfærni og taka yfir 70 lönd þátt í henni. Hún er framkvæmd á þriggja ára fresti og metur lesskilning, læsi á stærðfræði og náttúrufræði hjá 15 ára unglungum. Í PISA rannsókninni árið 2009 var lögð sérstök áhersla á lestur. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að lesskilningur íslenskra nemenda hafi batnað

frá árinu 2006 og er nánast sá sami og mældist árið 2000, en þá var PISA rannsóknin í fyrsta skipti lögð fyrir héraendis. Samkvæmt niðurstöðunum eru unglingar í átta löndum nú með betri lesskilning en íslenskir unglingar en þau voru 15 þegar rannsóknin var framkvæmd árið 2006. Þegar læsi á stærðfræði er skoðað kemur í ljós að 15 lönd standa betur að vígi og í læsi á náttúrufræði sýna nemendur í 23 löndum betri árangur (Almar M. Halldórsson o.fl, 2010).

Í PISA rannsóknunum eru veittar upplýsingar um hæfnisþrep í lesskilningi. Þessi gögn veita upplýsingar um dreifingu lestrargetu íslenskra unglunga. Niðurstöðurnar sýna þrönga dreifingu, það er flestir unglingar eru nálægt miðju en fáir með mjög háa eða lága getu. Talsvert færri íslenskir nemendur eru í efstu þrepum í lesskilningi miðað við Noreg, Danmörku og Finnland (Almar M. Halldórsson o.fl, 2010).

Í flestum löndum er ákveðið mynstur í kynjamuni og í flestum löndum standa stúlkur sig mun betur í lesskilningi. Á Íslandi hefur þessi munur verið áberandi. Árið 2003 var kynjamunur mestur á Íslandi miðað við önnur þáttökulönd í PISA rannsókninni en munurinn hefur minnkað. Þegar lesskilningur er skoðaður með tilliti til hæfnisstiga í PISA rannsókninni 2009 kemur í ljós að stúlkur eru fjölmennari í efri hæfnisstigum en drengir. Drengir eru mun fjölmennari í lægri hæfnisstigum (Almar M. Halldórsson o.fl., 2010). Almar Miðvík Halldórsson (2011) skoðaði kynjamun í grunnskólum í Reykjavík og komst að því að 16% drengja í Reykjavík eru undir hæfnisþrepi 2 miðað við gögn úr PISA rannsókninni 2009 sem þýðir að lesskilningur þeirra er mjög slakur. 23,2% drengja og 9% stúlkna í Reykjavík eru á lægri þrepum í hæfni í lesskilning (Almar Miðvík Halldórsson, 2011). Í langtímarannsókninni Börn og sjónvarp á Íslandi kemur einnig í ljós að stúlkur lesa meira heldur en drengir og yngri börn lesa meira en eldri (Þorbjörn Broddason o.fl., 2009). ESPAD rannsóknirnar staðfesta þennan sama kynjamun (Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010, Brynhildur Þórarinsdóttir o.fl., 2012).

Spurningalisti var lagður fyrir nemendur samhliða PISA rannsókninni 2009 þar sem spurt var um lestrarvenjur, fjölbreytni í lesefni, bókasafnsnotkun, lestur á veraldarvefnum, námsvenjur o.fl. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að stúlkur lesa sér frekar til yndis, lesa fjölbreyttara efni og nota bókasöfn í meira mæli en drengir. Þeir þættir sem metnir voru á spurningalistanum voru bornir saman við lesskilning nemanna með aðhvarfsgreiningu. Það leiddi í ljós að sá þáttur sem hefur mest tengsl við lesskilning er ánægja af lestri en þau tengsl eru sterkari fyrir drengi en stúlkur.

Aðrir þættir sem skoðaðir voru höfðu mun minni tengsl við lesskilning (Almar Miðvík Halldórsson, 2011). Rannsókn Hughes-Hassel og Rodge (2007) sýndi svipaðar niðurstöður en þar voru stúlkur líklegri en drengir til að lesa bækur sér til ánægju. Drengir lesa hins vegar meira á veraldarvefnum. (Almar Miðvík Halldórsson, 2011).

Sumarlestur

Rannsóknir sýna að sumarlestur er sérstaklega mikilvægur, þó sér í lagi fyrir börn sem gengur illa í lestri (Hughes-Hassel og Rodge, 2007). Ekki liggur fyrir hversu hátt hlutfall íslenskra barna og unglinga lesa sér til skemmtunar í sumarfríinu en í bandarískri rannsókn kom fram að einungis 15% drengja og 20% stúlkna á aldrinum 10–15 ára, lesa sér til yndis á sumrin (Hughes-Hassel og Rodge, 2007).

Samkvæmt Kim (2006) er mikilvægt að halda bókum að börnum til að auka megi sumarlestur þeirra og nýta þannig mátt hans til að bæta stöðu þeirra, sérstaklega þeirra nemenda sem verst standa að vígi. Rannsókn Kim beindist að 552 nemendum í fjórða bekk, í 10 skólum. Nemendurnir fengu sendar átta bækur yfir sumarið og voru hvattir til að lesa þessar bækur, bæði upphátt og í hljóði. Áhrif þessa voru skoðuð með færniþrófi Iowa (e. Iowa Test of Basic Skills) og voru áhrifin mest fyrir nemendur af afrískum uppruna, næst mest fyrir börn af spænskum uppruna og umtalsverð áhrif voru meðal þeirra nemenda sem höfðu ekki staðið vel að vígi í lestri og meðal þeirra barna sem sögðust eiga færri en 50 bækur. Rannsóknin bendir til þess að með því að halda bókum að börnum megi bæta árangur þeirra sem verst standa sig (Kim, 2006).

Lestraruppeldi

Börn sem hafa áhuga á bóklestri eiga það sameiginlegt að hafa fengið lestraruppeldi, alist upp innan um bækur, fengið kvöldlestur og séð foreldra sína lesa (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2009, Romme-Lund, 2007). Í rannsókn Romme-Lund kemur fram sterk tenging á milli þess að lesið sé fyrir börn og að þau lesi síðan sjálf. En þar má sjá að stór hluti þeirra 11–12 ára barna sem lesið var fyrir á hverjum degi áður en skólaganga hófst lesa sjálf bók á hverjum degi (Romme-Lund, 2007).

Lestur foreldra fyrir börn á leikskólaaldri tengist betri málþroska, betra bernskulæsi (e. emergent literacy) og lestrarfærni. Lestur foreldra er talinn skýra 8% af breytninni í þessum mælingum. Þegar börnin læra sjálf að lesa þá virðist þessi munur minnka (Bus, van IJzendoorn og Pellegrini, 2012).

Viðhorf til lesturs

McKenna, Kear og Ellsworth (1995) leggja áherslu á að viðhorf til lesturs skipti gríðarlega miklu máli fyrir börn. Í fyrsta lagi þar sem viðhorf til lesturs geta haft áhrif á frammistöðu nemandans, þ.e. hversu mikinn tilgang hann sér í því að æfa sig og leggja sig fram við lestur. Í öðru lagi geta neikvæð viðhorf til lesturs haft áhrif á góða lesendur og gert það að verkum að þeir lesi ekki ef þeir hafa möguleika á því að gera eitthvað annað. Viðhorf til lesturs voru rannsökuð í könnun sem 18.185 bandarísk börn í 1–6. bekk tóku þátt í. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að viðhorf til yndislesturs og lesturs til náms urðu neikvæðari með aldrinum. Börnin sem voru jákvæð í garð lesturs í byrjun skólans urðu sífellt neikvæðari eftir því sem þau eltust. Viðhorf til yndislesturs voru tengd lestrargetu og voru viðhorfin neikvæðust meðal þeirra sem voru verstir í lestri og munurinn á viðhorfum nemenda eftir getu jókst með hækkandi aldri. Stúlkur höfðu jákvæðari viðhorf til yndislesturs og til lestur vegna náms á öllum aldri. Bilið á milli viðhorfa kynjanna til yndislesturs jókst með aldrinum og var ekki tengt lestrargetu (McKenna o.fl., 1995).

Lesefni

Langtímarannsóknin Börn og sjónvarp á Íslandi um fjölmiðlanotkun 10–15 ára grunnskólanema gefur mikilvægar vísbendingar um hvers konar bækur börn velja sér, enda eru þátttakendur beðnir að svara því hvaða bók þeir eru að lesa eða lásu síðast. Ása S. Þórðardóttir (1994) greindi bókaval barna út frá gögnum þessarar rannsóknar 1968–1991, flokkaði bækurnar og skráði blaðsíðufjölda þeirra. Í ljós kom að 1499 bókatitlar voru nefndir á þessu tímabili. Val á bókaflokkum og blaðsíðufjölda bóka sem og bókaval barna breyttist talsvert á þessum árum. Ákveðnir bókatitlar náðu miklum vinsældum en 1991 nefndu tæplega 7% þátttakenda að þeir höfðu lesið síðast bókina *Tár, bros og takkaskór* eftir Þorgrím Þráinsson en engin önnur bók var nefnd jafn oft. Þegar kynjamunur í bókavali var skoðaður undir lok síðustu aldar kom í ljós að

bæði kynin lásu vinsælustu bókatitlana. Drengir völdu frekar leynilögreglusögur en unglingsdrengir lásu lífsreynslusögur og spennusögur fyrir fullorðna. Stúlkur völdu ástarsögur og telpnasögur (Ása S. Þórðardóttir, 1994). Nýlegri rannsókn Andreu Gerðar Dorfadóttur og Kristínar Erlu Harðardóttur (2006) náði að sama skapi til 10–15 ára barna og unglunga. Spennusögur reyndust vinsælastar meðal bæði stúlkna og pilta. Flestir tíu til tólf ára drengir höfðu lesið að minnsta kosti eina Harry Potter bók en aðrar bækur sem voru nefndar af yngri aldurshópnum voru Hringadróttinssaga, Eragon og Gæsa húð. Yngri hópur stúlkanna virtist lesa fjölbreyttari bækur. Einnig var nefnt að sumir flettu í gegnum heimsmetabók Guinness (Andrea Gerður Dofradóttir og Kristín Erla Harðardóttir, 2006). Stelpur virðast hafa breiðara áhugasvið og þar með eiga auðveldara með að velja sér bækur. Strákarnir halda sig við sömu bækurnar, til dæmis Kaptein ofurbrók, Myndasögusyrpur, Gæsa húðarbækurnar og Harry Potter (Ingibjörg Baldursdóttir, 2006).

Hvernig velja börn bækur? Ákveðnir þætti geta haft áhrif á val yngri nemenda á lesefni þegar þeir koma á skólabókasafnið. Bókarkápan skiptir miklu máli í þessu samhengi og hefur áhrif á hvort börnin eru tilbúin að gefa bókinni tækifæri (Ingibjörg Baldursdóttir, 2006). Aðrir þættir sem hafa áhrif við val á bókum eru að kápan, titill bókarinnar og höfundur veki athygli. Textinn á bakhlið bókarinnar hefur einnig áhrif en hann má hvorki upplýsa of mikið um söguþráð bókarinnar, né vera of efnislítill. Börn á aldrinum 10–12 ára hafa nefnt að þau velji síður lengri bækur (Andrea Gerður Dofradóttir og Kristín Erla Harðardóttir, 2006).

Börn á aldrinum 10–12 ára virðast ekki lesa dagblöð í miklum mæli. Myndasögur, sjónvarpsdagskráin og kvikmyndaauglýsingar voru vinsælt lesefni og drengirnir sögðust lesa íþróttافرéttir, sumir bílablöð og Lifandi vísindi. Þegar spurt var um tímaritalestur lásu bæði drengir og stúlkur Syrpur og Andrés önd og virtist þetta lesefni vera mjög vinsælt meðal hópsins (Andrea Gerður Dofradóttir og Kristín Erla Harðardóttir, 2006). Rannsókn frá Bandaríkjunum sýnir svipaðar niðurstöður en þar sækja börn og unglingar talsvert í lestur tímarita (Hughes-Hassell og Rodge, 2007).

Skólarnir

Gallagher (2010) hefur gagnrýnt skólakerfið fyrir að drepa niður áhuga nemenda á lestri með því að leggja mesta áherslu á utanbókarnám á staðreyndum, sem sífellt breytast, í staðinn fyrir að kenna gagnrýna hugsun og lestur. Hann bendir á að bandarískir nemendur standi ekki vel að vígi í lestri og að margar ástæður hafi verið nefndar fyrir því, svo sem fátækt, skortur á menntun foreldra, tölvur og sjónvörp. Hann telur orsakirnar einnig felast í þeirri kennslu sem fram fer í bandarískum skólum, þar sem aðal áherslan er lögð á frammistöðu nemenda á næsta prófi. Slík áhersla eyðileggi ástríðu barnanna fyrir lestri. Kröfur yfirvalda til kennara og þess námsefnis sem þeir eiga eiga að komast yfir séu orðnar of miklar sem valdi því að kennarar þurfi að kenna nemendum sínum að leggja á minnið en ekki gagnrýna hugsun, það gleymist að kenna þeim að hugsa (Gallagher, 2010).

Margar rannsóknir hafa sýnt að yndislestur hefur jákvæða fylgni við betri árangur í lestri, ritun, málfræði og orðaforða. Yndislestur í skólum getur verið mismunandi, t.d. lestur í hljóði, lestur á bókum sem nemandinn velur sjálfur eða mikils lesturs er krafist af nemendum. Allar þessar aðferðir eiga það sameiginlegt að nemendurnir geta lesið, innan ákveðina marka, það sem þeir vilja lesa og þeir þurfa ekki að gera grein fyrir bókunum sem þeir lesa á nokkurn hátt. Rannsóknir Krashen (2004) hafa sýnt að í skólum þar sem yndislestur er á dagskrá er frammistaða nemenda í lestri að minnsta kosti jafn góð og nemenda í samanburðarhópum og oft og tíðum mun betri (Krashen, 2004).

Margar meginlegar rannsóknir hafa verið gerðar á bóklestri barna og unglunga. Hins vegar hafa fáar rannsóknir verið gerðar á lestrarvenjum lestrarhesta en með því að líta á stigminnkandi lestur barna og unglunga út frá þeim hópi sem hefur yndi af lestri má skoða hvaða þættir það eru sem gera það að verkum að ákveðin börn eru enn í dag bókaormar. Markmið þessarar rannsóknar er að öðlast og miðla skilningi á því hvaða þættir það eru sem gera börn að lestrarhestum og móta lestrarvenjur þeirra.

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni voru börn á aldrinum 9–10 ára sem búsett eru á Akureyri og ganga í grunnskóla á svæðinu. Alls var rætt við 17 börn sem sóttu sumarlestrarnámskeið en þau komu frá fimm grunnskólum. Sex þátttakendur komu úr Lundaskóla og fimm úr Giljaskóla. Fjórir þátttakendur komu úr Brekkuskóla en úr Naustaskóla og Síðuskóla kom sitt hvor nemandinn. Enginn þátttakandi var úr Glerárskóla eða Oddeyrarskóla. Í viðmiðunarhópunum tveimur voru annars vegar fjögur börn á aldrinum 9–10 ára sem sóttu sumarleikjanámskeið hjá KA, hins vegar þrjár stúlkur á sama aldri sem valdar voru með markmiðsúrtaki.

Amtsbókasafnið og Minjasafnið á Akureyri héldu í sameiningu tvö sumarlestrarnámskeið fyrir börn fædd á árunum 2002–2003. Námskeiðin voru kynnt í grunnskólum bæjarins og einnig í staðar fjölmiðlum. Námskeiðin voru haldin á Amtsbókasafninu fyrir hádegi frá mánudegi til föstudags og sóttu alls 44 börn námskeiðin. Þegar foreldrar eða forráðamenn skráðu börn sín á námskeiðið voru þeir beðnir um að veita upplýsingar um hve margar bækur barnið teldi að það myndi lesa um sumarið. Í samráði við Herdísí Önnu Friðfinnsdóttur, barnabókavörð á Amtsbókasafninu á Akureyri, fóru rannsakendur yfir þessar upplýsingar til að meta hvaða börn væru líkleg til að vera lestrarhestar og þar af leiðandi hentugir þátttakendur í rannsókninni. Rannsakendur fylgdu börnunum eftir á sumarlestrarnámskeiðinu og mátu hvaða börn pössuðu sem best við tilgang rannsóknarinnar en einnig var tekið mið af aldri, í hvaða skóla börnin voru og hvort þau væru opin og ættu auðvelt með að tjá sig. Á hvoru námskeiði voru myndaðir tveir rýnihópar sem voru mismunandi hvað varðar fjölda, aldur og kyn. Færri strákar en stelpur sóttu bæði námskeiðin og því voru tekin viðtöl við alla þá drengi sem voru á báðum námskeiðunum og ekki tekið tillit til ofangreindra þátta við val á þeim.

Við val á viðmiðunarhópum var litið til þeirra félaga sem stóðu fyrir sumarnámskeiðum fyrir börn. Fyrri samanburðar rýnihópurinn samanstóð af fjórum börnum, tveimur stelpum og tveimur strákum fæddum á árunum 2002–2003 sem sóttu sumarleikjanámskeið á vegum

Knattspyrnufélags Akureyrar, KA. Rannsakendur ræddu við umsjónarmann námskeiðsins um þá þætti sem þeir leituðu eftir í fari þeirra barna sem rætt yrði við, það er hvort þau væru opin og ættu auðvelt með að tjá sig. Úr varð að umsjónarmaður námskeiðsins valdi þau börn sem hann taldi að auðvelt væri fyrir rannsakendur að ræða við.

Seinni viðmiðunar rýnihópurinn var valinn með markmiðsúrtaki. Annar rannsakandinn setti tilkynningu á fésbókarsíðu sína og óskaði eftir börnum fæddum á árunum 2002–2003 til þátttöku í rannsókninni. Þrír þátttakendur fengust með þessu móti.

Amtsbókasafnið á Akureyri veitti rannsakendum gögn sem sýndu útlán barna fæddra á árunum 2002 og 2003 í júní mánuði árið 2012. Auk þess veitti safnið upplýsingar um hvaða skólar höfðu leyft kynningu á námskeiðunum sem og hvaða skólar höfðu þegið að koma í kynningu á safninu.

Tæki

Öll viðtölin voru tekin upp með stafrænum diktafón af gerðinni OLYMPUS WS-750M. Auk þess voru viðtölin tekin upp á myndbandsupptökuvél af gerðinni Panasonic NV-GS250. Myndbandsupptökuvélinni var stillt upp á þrífót af gerðinni Vivanco VS141. Tækjabúnaðurinn var í eigu Háskólans á Akureyri. Viðtölin voru skrifuð upp á einkatölvur rannsakenda með notkun ritvinnsluforrítsins Word. Í viðtölunum sýndu rannsakendur þátttakendum lesbretti af gerðinni Amazon Kindle Touch sem var í eigu annars rannsakandans.

Rannsóknarsnið

Notast var við eigindlegt rannsóknarsnið þar sem tekin voru hálfopin viðtöl við sex rýnihópa. Með eigindlegri rannsóknaraðferð er leitast við að setja sig inn í hugarheim og umhverfi þátttakandans sem og að reyna að skilja upplifun hans af veruleikanum. Eigindlegar rannsóknir geta verið gagnlegar þegar rannsakendur telja sig ekki vita nægilega mikið um rannsóknarefnið til að beina því í nákvæman fyrirfram ákveðinn farveg (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Rýnihópar eru hópviðtöl þar sem leitast er eftir að fá dýpri skilning á viðhorfum og reynslu þátttakenda. Valdir eru saman í hóp einstaklingar sem eiga eitthvað sameiginlegt, í þessu tilfalli börn sem eru á svipuðum aldri og eru lestrarhestar. Kostir rýnihópa eru að hægt er að safna fjölbreyttum gögnum á tiltölulega stuttum tíma. Aðferðin hefur hátt andlitsréttmæti (e. face validity). Aðferðin hefur þó einnig ákveðna galla, til að mynda geta umræður orðið ruglingslegar og erfitt getur verið að greina gögnin. Auk þess bjóða rýnihópar ekki upp á eins víðtæka sýn á viðfangsefnið eins og stórar kannanir geta veitt. Niðurstöður rýnihópa hafa ekki alhæfingargildi. Þegar rýnihópar eru myndaðir skiptir hæfni stjórnandans einnig máli en hann þarf að passa að rödd allra þátttakenda heyrir (Sóley S. Bender, 2003). Rannsakendur höfðu ekki reynslu af því að stýra rýnihópum, almennt má telja að stjórnun hópanna hafi gengið ágætlega en þeir voru meðvitaðir um að veita þeim þátttakendum sem voru ef til vill feimnir tækifæri og pláss til að tala og segja frá. Einnig þurfti að halda aftur af öðrum þátttakendum sem töluðu of mikið.

Þátttakendur í rýnihópum skyldu valdir með tilliti til markmiðs rannsóknarinnar (Sóley S. Bender, 2003). Markmið þessarar rannsóknar var að grafast fyrir um hvað gerir börn að lestrarhestum. Út frá þessu markmiði var ákveðið að mynda rýnihópa á sumarlestrarnámskeiðum Amtsbókasafnsins, og úr hópi þátttakenda á námskeiðunum voru síðan valdir áhugasömustu lesendurnir. Í fyrri viðmiðunarhópinu voru valin börn sem tóku þátt í sumarleikjanámskeiði á vegum Íþróttafélagsins KA. Seinni viðmiðunarhópurinn var valinn með markmiðsúrtaki (e. purposive sample) en þeirri úrtaksaðferð er beitt þegar velja þarf úrtak sem hentar markmiði rannsóknarinnar og er oft notað í rýnihópum (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2003).

Spurningarammi var myndaður fyrirfram út frá þeirri þekkingu sem til var um efnið en einnig út frá þeim þáttum sem rannsakendur töldu að gætu skipt máli eða þóttu áhugaverðir. Þegar viðtöl eru tekin við rýnihópa þróast samtölin oft á annan veg en áætlað var, stundum er búið að svara ákveðnum spurningum þó að þær hafi ekki verið bornar upp, sumum er sleppt og aðrar endurorðaðar. Spurningarnar voru hafðar til stuðnings og viðtalið því hálf skipulagt (Sóley S. Bender, 2003). Rannsakendur reyndu að hafa flestar spurningar opnar sem bauð upp á frekari umræðu og meiri upplýsingar. Þrátt fyrir það voru einnig lokaðar spurningar sem nauðsynlegar þóttu fyrir tilgang rannsóknarinnar.

Talsverðar upplýsingar liggja fyrir um lestrarvenjur íslenskra barna og unglunga sem hóps og þróun þeirra sl. áratugi. Þessum gögnum hefur verið safnað með meginlegum rannsóknaraðferðum (spurningalistum) eins og í alþjóðlegu rannsóknunum PISA og ESPAD og Börnum og sjónvarpi á Íslandi. Eigindleg rannsóknaraðferð varð fyrir valinu í þessari rannsókn því nauðsynlegt þótti að auka þekkingu innan fræðasamfélagsins og skólakerfisins á þessum tiltekna hópi ungra lesenda, áhugasömustu lesendunum eða lestrarhestum.

Útlán Amtsbókasafnsins voru skoðuð með tilliti til fjölda útlána á hverjum bókatitli. Farið var yfir listann án allra fyrirfram ákveðinna viðmiða. Einungis var skoðað hvaða bókatitlar höfðu oftast verið lánaðir út í júní mánuði árið 2012.

Framkvæmd

Undirbúningur rannsóknarinnar hófst á því að rannsakendur skráðu niður spurningar sem þeir töldu tengjast markmiði rannsóknarinnar, sem var að öðlast innsýn inn í heim þeirra barna sem eru virkir lesendur, en fyrri rannsóknir sem tengdust efninu voru einnig hafðar til hliðsjónar. Spurningalisti var yfirfarinn af báðum ábyrgðarmönnum rannsóknarinnar. Farið var yfir þær athugasemdir sem fram komu varðandi spurningarnar og loka spurningarlistinn búinn til (sjá viðauka 1). Spurningarnar voru notaðar til viðmiðunar en ekki fylgt nákvæmlega, þær voru oft orðaðar á annan hátt og útskýrðar nánar. Auk þess ákváðu rannsakendur að fylgja frekar þeim umræðum sem komu upp hjá viðmælendum, það er að láta til dæmis röð spurninga frekar stjórna af því um hvað viðmælendurnir fóru að tala. Áður en byrjað var að taka viðtölin fóru rannsakendur ítrekað yfir spurningalistann og skiptu spurningunum á milli sín.

Mikilvægt var fyrir niðurstöður rannsóknarinnar að þau börn sem rætt yrði við væru tilbúin til að ræða um lestur við rannsakendur. Til að auka líkurnar á að viðmælendum myndist viðvera rannsakenda þægileg voru rannsakendur viðstaddir námskeiðin og aðstoðuðu við framkvæmd þeirra. Það gerði það að verkum að rannsakendurnir voru viðmælendum ekki eins ókunnugir. Einnig notuðu rannsakendur þennan tíma til að fylgjast með börnunum hvað varðar þá þætti sem þeir höfðu ákveðið að leita eftir.

Foreldrar allra barnanna þurftu að veita samþykki fyrir þátttöku barnsins í rýnihópnum. Rannsakendur útbjuggu blað þar sem veittar voru upplýsingar um rannsóknina, mikilvægi hennar og óskað eftir að foreldri eða forráðamaður veitti samþykki fyrir þátttöku barnsins (sjá viðauka 3). Rannsakendur ræddu fyrst við börnin og óskuðu eftir þátttöku þeirra eftir að hafa útskýrt í stuttu máli út á hvað rannsóknin gengi. Öll börnin voru mjög jákvæð fyrir þátttöku í rannsókninni fyrir utan eina stúlku sem var tvístígandi en ákvað þó að taka þátt. Samþykkja frá foreldrum var aflað með tvenns konar hætti. Annars vegar ræddu rannsakendur við þá foreldra sem komu að sækja börnin sín á námskeiðið og fengu leyfi með þeim hætti. Hins vegar var hringt í foreldra sem rannsakendur höfðu ekki hitt til að auka líkurnar á að samþykki yrði veitt. Allir þeir foreldrar eða forráðamenn sem voru beðnir um að veita leyfi fyrir þátttöku barnsins síns í rannsókninni veittu góðfúslega leyfi. Viðmælendur þurftu að skila samþykki áður en viðtölin gátu hafist.

Viðtölin fóru fram í lessal Amtsbókasafnsins, sem lokaður er af með glervegg, áður en bókasafnið var opnað svo að viðskiptavinir þess kæmu ekki inn í salinn á meðan á viðtölunum stóð. Á þeim tíma sem viðtölin voru tekin fóru fram framkvæmdir á bókasafninu og fylgdu þeim talsverð læti, það virtist þó ekki trufla einbeitingu viðmælendanna. Hins vegar var heitt og loftlaust inni í salnum og í lok viðtalanna, sem tóku að meðaltali tæpa klukkustund, voru viðmælendur oft orðnir talsvert þreyttir.

Rannsakendur settu stóra grjónapúða á gólfið í fyrstu tveimur viðtölunum og sátu sjálfir á lágum barnastólum. Myndbandsupptökuvélinni var stillt upp þannig að hún næði sem bestri mynd af viðmælendunum. Eftir fyrstu tvö viðtölin var ákveðið að taka viðtölin frekar við borð því skjáfið í púðunum gerði rannsakendum erfitt fyrir þegar hlustað var á upptökuna. Þegar rannsakendur höfðu undirbúið aðstöðuna sóttu þeir börnin. Viðtölin voru tekin í upphafi hvers dags um leið og viðmælendurnir mættu, rannsakendur biðu eftir börnunum og báðu þau svo að fylgja sér í viðtalsherbergið.

Rannsakendur skiptu spurningunum á milli sín en leituðust við að stoppa ekki þær umræður sem upp komu hjá viðmælendunum heldur reyna að fylgja þeim eftir. Það gerði það að verkum að ekki var farið eftir spurningalistanum eins og hann kom fyrir. Viðtölin tóku að meðaltali tæplega klukkustund en það var þó mismunandi milli hópa.

Tekin voru viðtöl við tvo viðmiðunarhópa. Var leitast við að finna börn fædd á árunum 2002 og 2003, bæði stúlkur og drengi. Í fyrri viðmiðunarhópnum voru börn sem sóttu sumarleikjanámskeið hjá Íþróttafélaginu KA. Umsjónarmaður námskeiðsins sá um að afla samþykkja fyrir börnin sem valin voru til þátttöku. Rannsakendur útbjuggu spurningalista sem var í aðalatriðum eins en spurningum sem tengdust sumarlestrarnámskeiðinu var breytt (sjá viðauka 2). Umsjónarmaður sumarleikjanámskeiðsins ákvað á hvaða tíma hentugt væri að taka viðtölin. Rannsakendur fengu til afnota sal í Íþróttahúsi KA þar sem námkeiðið fór fram. Borð og stólar voru tekin til og myndbandsupptökuvél og diktafón komið fyrir. Umsjónarmaður námskeiðsins ræddi við börnin og bað þau um að fara með rannsakendum í salinn svo hægt væri að taka viðtölin.

Erfiðlega gekk að fá þátttakendur í síðari viðmiðunarhópinn. Rannsakendur höfðu samband við Íþróttafélag sem stóð fyrir leikjanámskeiði í júnímánuði. Þátttakendurnir á því námskeiði voru hins vegar ekki nægjanlega margir á þeim aldri sem leitað var eftir. Einnig var haft samband við fleiri aðila á Akureyri sem stóðu fyrir einhvers konar námskeiðum fyrir börn en bæði var vandamál að fá nægilega mörg börn á þeim aldri sem leitað var eftir auk þess sem lítið svigrúm var á námskeiðunum til að mögulegt væri fyrir rannsakendur að taka viðtölin á þeim tíma sem námskeiðin voru. Á endanum var ákveðið að finna þátttakendur með markmiðsúrtaki og biðlaði annar rannsakandinn til vina og kunningja á fésbókarsíðu sinni þar sem óskað var eftir ábendingum um foreldra barna á þessum aldri. Með þessum hætti fengust þrjár stúlkur, fæddar árin 2002 og 2003. Viðtalið við síðasta rýnihópinn var tekið í lítilli stofu í Háskólanum á Akureyri í ágúst mánuði.

Amtsbókasafnið veitti rannsakendum upplýsingar um útlán á barnabókum hjá safninu í júnímánuði árið 2012, til barna fæddra 2002–2003. Gögnin voru veitt rafrænt, rannsakendur skoðuðu þau og skráðu þá bókatitla sem oftast voru lánaðir út á tímabilinu. Einnig veitti safnið rannsakendum upplýsingar um hvaða skólar hefðu komið í kynningu á safninu síðastliðið skólaár og í hvaða skólum sumarlestrarnámskeiðið var kynnt.

Úrvinnsla gagna

Rannsakendur skráðu viðtölin orðrétt inn í ritvinnsluforritið Word. Viðtölunum var skipt á milli rannsakenda og hlustuðu þeir ítrekað á viðtölin en skráningin krafðist talsverðrar vinnu því erfitt var að greina á milli viðmælenda, umhverfishljóð torvelduðu hlustun auk þess sem erfitt var að greina hvað sagt var þegar margir þátttakendur töluðu í einu. Þegar öll viðtölin höfðu verið skráð fóru rannsakendur yfir þau í sameiningu og báru saman við myndbandsupptöku, bæði með tilliti til þess sem sagt var en ekki síður hver sagði hvað. Að þessu loknu taldist skráningu gagnanna lokið.

Rannsakendur byrjuðu á því að greina viðtölin við þá fjóra rýnihópa sem tóku þátt í sumarlestrarnámskeiðunum. Viðtölin voru prentuð út og flokkuð niður eftir umræðuefnum eins og lestraruppeldi, umræður um bækur og bókaflokka o.s.frv. Á skipulagðan hátt var farið yfir svör þátttakendanna við þeim spurningum sem bornar voru upp og svörin sameinuð úr öllum hópunum eftir umræðuefni. Rannsakendur skráðu aðalatriðin í svörum barnanna og tóku beinar tilvitnanir í svör þátttakendanna eins og við átti. Gögnin úr viðmiðunarhópunum voru unnin sér. Sama aðferð var notuð við úrvinnslu þeirra tveggja viðtala. Gögnin úr viðtölunum við hópana á sumarlestrarnámskeiðunum og við viðmiðunarhópana voru borin saman og skoðað hvort áberandi munur væri á svörum barnanna.

Rannsóknin var unnin sumarið 2012. Í júnímánuði voru viðtölin undirbúin og þau tekin. Í júlí fór fram úrvinnsla gagna en hún var mun tímafrekari en gert var ráð fyrir. Í ágúst og september unnu rannsakendur úr niðurstöðum ásamt því að taka síðasta viðtalið og vinna úr því.

Rannsakendur yfirfóru útlán barna fæddra árin 2002 og 2003 á Amtsbókasafni í júní og tóku saman þá bókatitla sem voru oftast teknir að láni. Gögnin bárust frá Hólmkeli Hreinssyni amtsbókaverði og þar komu fram allir barnabókatitlar sem lánaðir voru til þessara árganga þann mánuð sem sumarlestrarnámskeiðið fór fram. Rannsakendur fóru yfir alla titlana og skráðu þá titla sem voru oftast lánaðir út.

Skipting þátttakenda eftir skólum var einnig skoðuð, bæði á sumarlestrarnámskeiðinu og meðal þeirra viðmælenda sem tóku þátt í rýnihópunum. Herdís Anna Friðfinnsdóttir

barnabókavörður á Amtsbókasafninu veitti upplýsingar um hvaða skólar hefðu komið á kynningu á safninu síðastliðinn vetur og hvaða skólar hefðu leyft að sumarlestrarnámskeiðið yrði kynnt í skólanum.

Niðurstöður

Greining á viðtölum við lestrarhesta

Viðmælendurnir sögðust hafa ákveðið að koma á sumarlestrarnámskeið Amtsbókasafnis eftir að þeir höfðu fengið kynningu á námskeiðinu í skólanum, nokkrir þekktu einhvern sem hafði verið á námskeiðinu og sumir voru að koma í annað skiptið. Einn strákanna nefndi að mamma hans hefði neytt hann til að fara á námskeiðið. Þegar spurt var um áhuga þeirra á að koma aftur á sumarlestrarnámskeið voru flestir sem lýstu því yfir að þeir væru til í að mæta aftur.

Þau börn sem rætt var við virtust öll vera mjög virk. 15 af 17 börnum voru í skipulögðum tómstundum, æfðu íþróttir og eða lærðu á hljóðfæri. Þegar þau voru spurð að því hvaða áhugamál þau hefðu nefndu fimm stelpur og tveir strákar lestur sem eitt af áhugamálum sínum.

Allir viðmælendur höfðu aðgang að tölvu en virðast ekki nota þær mjög mikið, til dæmis nefndi enginn tölvur eða tölvuleiki sem eitt af áhugamálum sínum. Ekki virðist sem börnin noti tölvur til að afla sér upplýsinga og þau virðast því lítið lesa í tölvu. Mörg nefndu að þau horfðu á myndbönd sem tengdust áhugamálum þeirra á Youtube. Tveir viðmælenda nefndu að þeir væru að nota tölvuna til að skrifa sögur.

Það mesta sem ég geri er að bara fara í leiki, vera á Youtube eða halda áfram að skrifa bókina mína

Misjafnt var hversu mikið viðmælendurnir horfðu á sjónvarp, sumir sögðust horfa mjög lítið á sjónvarp en aðrir mikið. Meirihlutinn virðist þó ekki horfa mikið á sjónvarp. Nokkrir nefndu að þeir horfðu á sjónvarp ef þeir hefðu ekkert annað við að vera. Til dæmis sagði einn viðmælandi:

Ég horfi bara, ég horfi bara mikið ef enginn getur leikið

Annar þátttakandi sagði:

Ég horfi þegar mér leiðist

Þátttakendur lögðu sjálfir mat á hversu mikið eða lítið þeir notuðu tölvur og horfðu á sjónvarp en rannsakendur gáfu þeim ekki upp ákveðin tímaviðmið.

Lestur og lestraruppeldi

Þeir drengir sem rætt var við byrjuðu flestir að lesa í fyrsta bekk, einn á síðasta ári í leikskóla. Stelpurnar voru byrjaðar að lesa fyrr en flestar nefndu fjögurra eða fimm ára aldurinn en tvær nefndu þriggja ára og ein í fyrsta bekk.

Flestir viðmælendur sögðust lesa mikið eða miðlungs mikið. Þau börn sem nefndu lestur sem áhugamál lesa mjög mikið eða eina eða fleiri bækur á dag. Börnin voru spurð hvað þau læsu mikið á viku en flest áttu erfitt með að svara því og bentu á að það færi eftir því hvernig bók þau væru að lesa, hvort hún væri auðveld eða þung, löng eða stutt. Einnig voru þátttakendur spurðir hvort þeir læsu meira eða minna á sumrin. Flestir sem hafa áhuga á lestri lesa jafn mikið á sumrin og á veturna. Sumir nefndu þó að þeir læsu þynnri bækur á sumrin en á veturna því að það væri meira að gera í öðru, svo sem að vera úti.

Þátttakendur voru spurðir hvort það væri ákveðinn staður eða tími sem þeim fyndist þægilegast að lesa á. Flestir kusu stað þar sem var ró og næði, t.d. uppi í rúmi eða sófa.

Mér finnst bara heima hjá mér þá get ég bara verið inni í herbergi í friði, engin truflun eða eitthvað.

Annar viðmælandi sagði frá sínum uppáhaldsstað til að lesa á:

við hliðina á eldhúshurðinni og ef þú labbar þar inn þá sérðu svona bara rúm svona gestarúm þar er rosalega mjúkt þar og það er eiginlega enginn þar þannig og það er svona allt svona rosalega svona lítið og mjúkt og svona.

Einnig var bókasafnið nefnt sem ákjósanlegur staður til að lesa á, þar væri hljótt og rólegt en einnig nefndu viðmælendurnir að stundum væru bækurnar svo spennandi að ekki væri hægt að bíða eftir að byrja á þeim. Einum viðmælandanum fannst best að lesa í bíl.

Flestir þátttakendurnir sögðust lesa á kvöldin en einnig sögðust margir lesa þegar þeir hefðu ekkert að gera eða leiddist. Einn viðmælandi sagði að sér fyndist best að lesa þegar mikið hefði verið að gera. Annar sagði:

Það er líka þegar ég hef ekki neitt að gera og nenni ekki að gera neitt þá fer ég með bók í sófann og les

Þátttakendur voru spurðir hvort einhver hefði lesið fyrir þau áður en þau byrjuðu sjálf að lesa. Allir nema einn viðmælandi svöruðu spurningunni játandi. Mörg börn nefndu að báðir foreldrar þeirra hefðu lesið fyrir þau. Jafnmargir þátttakendur nefndu einungis móður og einungis föður. Auk þess komu fleiri aðilar að því að lesa fyrir börnin en þá voru nefnd afi og amma en einnig systkini.

Viðmælendur voru spurðir hvort enn væri lesið fyrir þá og svaraði um helmingur því játandi. Einn viðmælandi sem enn var lesið fyrir sagði að sér fyndist pirrandi að láta lesa fyrir sig. Öll hin börnin sem lesið var fyrir voru jákvæð gagnvart því. Einhverjir voru farnir að lesa fyrir aðra, til dæmis yngri systkini

Sko ég les fyrir litla bróður minn og pabbi les fyrir litlu systur mína

Annar viðmælandi sem var drengur sagðist lesa fyrir yngri systur sína:

Ég er yfirleitt að lesa bara fyrir hana

Önnur stúlka átti ekki yngri systkini en sagðist lesa fyrir börn sem hún var með í pössun:

Ég er byrjuð að passa lítil börn þannig að ég les oft fyrir þau

Heima hjá öllum viðmælendum er einhver sem les sér til yndis og hafa allir lestrarfyrirmyndir. Sum börnin töluðu um að margir í fjölskyldunni væru lestrarhestar, einn viðmælandi sagði frá því að hún ætti bróður sem væri lestrarhestur. Margir sögðu að allir á heimilinu læsu.

Allir viðmælendur höfðu aðgang að bókum heima hjá sér. Þegar börnin voru spurð að því hvort þau ættu bækur svaraði ein:

Jáá, fullt af bókum

Viðmælendur sögðust fá bækurnar frá eldri systkinum en einnig í afmælis- og jólagjafir. Flestir voru sáttir við að fá bækur í gjafir og sögðust biðja um þær. Margir þátttakendur sögðust ávallt fá bækur frá ákveðnum ættingjum, til dæmis frá afa og ömmu, frænkum og frændum og einhverjir fengu bækur frá foreldrum sínum.

Ég fæ alltaf bækur frá afa mínum.

Viðhorf til lesturs

Flestum viðmælendum fannst það skipta máli að vera góður að lesa. Þeir nefndu að það skipti máli, t.d. þegar farið væri í Háskóla að vera góður í lestri. Einn þátttakandi sagði að það væri mikilvægt að vera góður í lestri til að geta lesið textann á kvikmyndum.

Mér finnst það skipta máli af því að þá get ég lesið texta í bíómyndum sem eru á ensku.

Annar viðmælandi sagði frá því að eftir því sem honum hefði farið fram í lestri hefði hann getað lesið lengri og þyngi bækur sem honum þóttu vera skemmtilegri.

Já. Út af því að mér finnst þyngrri bækurnar alltaf skemmtilegri heldur en þessar stuttu svo það er miklu skemmtilegra að vera góður að lesa því þá er maður miklu fljótari með erfiðu bækurnar. Og ef þú ert lélegur að lesa þá kannski bara getur þú ekki lesið þær. Ég var lélegur að lesa og þá gafst ég alltaf upp á bókunum.

Þeir þátttakendur nefndu að það væri mikilvægt að vera góður að lesa því að það væri gott fyrir þá sjálfa, það myndi hjálpa þeim í vinnu þegar þeir yrðu eldri auk þess sem þeir gætu skilið meira.

Þegar maður verður eldri þá verður það gott fyrir okkur.

Já þegar maður fer að vinna og svona. Þegar maður fer að vinna þá þarf maður að kunna að lesa.

Það er rosalega gott fyrir skólann og bara gott fyrir mann sjálfann þá skilur maður meira.

Spurt var hvaða viðhorf önnur börn hefðu gagnvart lestrarhestum. Fæstir höfðu leitt hugann að því og vissu ekki hvað vinum eða bekkjarfélögum fyndist um lestraráhuga þeirra.

Við tölum eiginlega ekkert um svoleiðis.

Einn viðmælandi nefndi að vinunum fyndist það vera skrítið að lesa mikið.

A: Sumum vinum mínum finnst það skrítið

Spyrjandi: Veist þú af hverju þeim finnst það skrítið?

A: Af því að sumir segja að ég sé svo klikkuð af því að ég les svo mikið.

Önnur neikvæð viðhorf gagnvart lestrarhestum komu ekki fram. Spurt var hvort þátttakendur skiptust á bókum við vini sína. Nefndu þau að stundum færu þau saman á bókasafnið og skiptu þannig á bókum sem þau eða vinir þeirra væru búnir að lesa. Lítil minnihluti nefndi að þau hafðu skipst á bókum eða fengið lánaðar bækur hjá vinum eða

skyldmennum. Einn viðmælandi sagðist stundum skiptast á bókum við frændur sína og frænkur en annar sagðist skiptast á bókum við bestu vinkonur sínar.

Viðmælendur voru auk þess spurðir hvort vinir og bekkjafélagar læsu mikið eða lítið. Svörin voru misjöfn eftir hópum sumir sögðu vini og bekkjafélaga ekki lesa mikið en aðrir töldu þá lesa jafn mikið og sig sjálfa. Einn viðmælenda sagði bekkjafélagana lesa minna á sumrin.

Lesi ekki mikið á sumrin, bara lítið

Annar viðmælandi sagði

Það eru bara svona sumir sem nenna ekki að lesa

Spurt var hvort stelpur eða strákar væru duglegri að lesa og voru skiptar skoðanir hvað það varðaði. Stúlkurnar töluðu um að strákarnir væru með leiðindi og trufluðu þegar það ætti að lesa í skólanum, en strákarnir sögðu stelpurnar vera sí talandi.

Stelpur eru alltaf miklu duglegri að lesa, strákar eru alltaf bara að kjafta og eitthvað

Umm Stundum þá erum við líka kannski svona tvær eða þrjár stelpur sem eru að spjalla eða eitthvað svona og strákarnir og það er svona helmingurinn af strákunum að lesa og helmingurinn svona stundum að spjalla og fíflast og eitthvað.

Yfirleitt voru þetta fyrstu svör barnanna en þegar þau höfðu rætt málin lengur fannst þeim erfitt að segja til um hvort strákar eða stelpur væru duglegri við lestur.

Fyrst þegar viðmælendur voru spurðir hvort þeir töluðu við einhverja um bækur svöruðu flestir því neitandi. Því til útskýringar sagði einn viðmælandi frá því að oft væru margir að lesa sömu bókina á sama tíma og því mætti ekki segja frá.

Hérna og ég vill ekki segja frá þú veist

Þegar börnin voru spurð að því hvort þau töluðu um það við einhvern þegar þau hefðu lesið eitthvað skemmtilegt kom í ljós að um helmingur þeirra hafði rætt við aðra eða sagt öðrum frá þegar þau höfðu lesið skemmtilega bók eða eitthvað fyndið komið fyrir í sögunni. Meirihluti þeirra sem ræða við aðra ræðir þó helst við einhvern meðlim fjölskyldunnar. Þeir þátttakendur sem ræddu bækur við jafnaldra sína ræddu við önnur börn sem höfðu áhuga á lestri.

Lesefni

Þegar spurt var hvernig viðmælendur færu að því að velja bækur til að lesa sögðust margir sjá það á bókunum að þær væru skemmtilegar og sumir sögðust lesa aftaná þær.

Ég les bara aftaná og ég spyr oft þú veist þann sem æjj sem vinnur á bókasafninu, Dagný hvort þetta sé skemmtileg bók eða leiðinleg bók. Hún hjálpar mér oftast.

Ég bara vel þarna sem er með einhverri spennandi mynd framaná.

Þeir sem benda þeim á bækur eru einna helst mamma, pabbi, systkini og kennarar. Þá eru framhaldsbækur mjög vinsælar. Einn viðmælenda sagði frá bókakynningu í bekknum sínum sem gerði það að verkum að hún gat valið sér bækur sem höfðu fengið margar stjórnur á kynningunni.

Vinir okkar segja okkur frá eitthvað um bókina að það sé einhver, prófaðu að lesa bókina. Þá er svona kynning hjá okkur og við áttum að gefa stjórnur fyrir bókina. Það mátti vera fimm stjórnur best og einhver sem gefur fimm stjórnur myndi kannski lesa þessa bók eða eitthvað af því að hún er svo spennandi.

Þær bækur sem oftast voru nefndar og virtust vinsælar voru Syrpan, Harry Potter, Óvættaför, Víti í Vestmannaeyjum, Blóðtengsl, Kafteinn ofurbrók og Kiddi Klaufi. Margir töluðu um að þeim þætti skemmtilegast að lesa framhaldsbækur og teiknimyndabækur. Einn viðmælandinn sagði að þá væri best að næsta bók væri komin út áður en sú fyrri væri kláruð. Viðmælendunum virtist finnast þægilegt að geta gengið að næstu bók sem þeir vissu að þeim myndi líka við. Þegar spurt var um ákveðna rithöfunda svaraði ein:

Sumir sem, það eru ógeðslega margir sem lesa Sigrún Eldjárn.

Mismunandi var hvort þátttakendur kusu að hafa bækur myndskreyttar eða ekki. Ein sagði að henni fyndist gott að hafa myndir til að sjá hvernig sögupersónurnar litu út.

Það er alveg gott að hafa myndir þá þarna sér maður betur hvernig persónurnar líta út og mjög gott að vita það.

Annar viðmælandi var ekki sammála þessu og sagðist frekar vilja ómyndskreyttar bækur svo hægt væri að sjá fyrir sér hvernig persónurnar væru.

En samt það er líka alveg fínt að hafa ekki þú veist myndir af því að þá getur maður líka búið hafið þau þarna persónurnar eins og bara sínar eigin. Þú veist eins og maður heldur að hún sé og eins og maður vill hafa hana.

Viðmælendurnir töluðu einnig um að myndirnar hjálpuðu þeim að skilja erfiðari bækur.

Þegar ég er með bækur sem ég skil ekki alveg sem að mér finnst flóknar þá finnst mér léttara að hafa myndir sem ég get séð. En hérna eins og Harry Potter mér finnst það eitthvað svo einföld bók og það bara og þá finnst mér þá þarf eiginlega ekki að hafa myndir því að ég get alveg fylgt söguþráðnum án þess að hafa myndir.

Annar viðmælandi sagði einnig frá því að honum fyndist gott að hafa myndir í bókum til að hjálpa sér að skilja þær, annar viðmælandi tók undir.

Nei ég þarf alltaf útskýringu á því sem ég er að lesa stundum

Önnur stúlka var sammála, hún sagði

En svo er líka af því að hérna þegar ég er með bækur sem ég skil ekki alveg sem að mér finnst flóknar þá finnst mér léttara að hafa myndir sem ég get séð

Viðmælendurnir voru spurðir hvað einkenndi leiðinlegar og skemmtilegar bækur en fátt varð um svör. Margir voru sammála um að framhaldsbækur væru skemmtilegar en einnig væri nauðsynlegt að bækurnar væru spennandi. Líttlestrarbækur og aðrar byrjendalestrarbækur sögðu viðmælendurnir að væru orðnar leiðinlegar til að mynda vegna þess að þau væru bún að lesa þær bækur svo oft. Einn viðmælandi sagði:

A: Eins og ég get lesið sem er bara svona létt það er skemmtilegra að lesa einhverjar erfiðari.

Spyrjandi: Þannig að þær mega ekki vera of auðveldar?

A: Ekki of stórir stafir eða eitthvað.

Rætt var hvort munur væri á bókum sem stelpur og strákar læsu.

Sko í skólanum hjá mér er það þannig að, að sko, strákarnir lesa eins og Skúla skelfir og líka Sýrpur og við lesum líka við stelpurnar lesum líka Skúla skelfir og Sýrpur þannig að bara það er misjafnt hvernig okkur finnst bækurnar.

Í einum rýnihópnum sem var skipaður fimm drengjum kom eftirfarandi umræða upp þegar spurt var hvernig bækur væru stelpubækur.

A: Það eru oftast einhverjar einhyrningsbækur

B: Einhyrningsbækurnar stelpurnar lesa það bara en strákarnir lesa bara Óvættafö bækurnar

Spyrjandi: Eru engar stelpur að lesa Óvættafö bækurnar?

A og B: Nei

B: Og Ógnaröfl bækurnar. Ég hata þær

C: Jú það eru tvær stelpur sem hafa lesið Óvættafö í bekknum mínum

Drengirnir töldu í byrjun að til væru ákveðnar stelpubækur og ákveðnar strákabækur. Þegar málin voru rædd nánar komust þeir hins vegar að þeirri niðurstöðu að erfitt væri að segja til um hvort bækur væru einungis fyrir stúlkur eða drengi. Þeir voru spurðir hvort þeir hefðu til að mynda lesið bókina Fíúsól og sagðist einn hafa lesið hana. Eftir þessa umræðu sagði einn drengur:

Það er ekki hægt að segja bara að þetta er bara fyrir stelpur og þetta er bara fyrir stráka.

Í einum rýnihópnum þar sem einungis voru stúlkur kom fram að það væru ákveðnar bækur sem strákar gætu ekki lesið, til dæmis bleikar bækur.

A: Mér finnst stelpur geta lesið hvaða bækur sem er

Spyrjandi: En strákar?

A: Stundum

(Hlæja)

B: Ef þeir sjá eitthvað svona stelpulega bók þá ætla þeir ekki að taka hana

Spyrjandi: Og hvað er stelpuleg bók?

B: Bleik bók t.d. það vill enginn snerta bleika bók

Spyrjandi: En heldur þú að þeir myndu kannski lesa söguna ef hún væri ekki í bleikri kápu?

B: Já kannski

A: Já

C: Kannski í grænni

Af þessu má sjá að stúlkurnar telja ýmsar bækur vera fyrir alla á meðan aðrar eru frekar strákabækur eða stelpubækur. Í einum rýnihópnum sagði ein stúlka

Mér finnst stelpur geta lesið hvaða bækur sem er

Rannsakendur spurðu stúlkurnar hvort það væri þá þannig að stelpur gætu lesið hvaða bækur sem er en strákarnir þyrftu að velja meira úr og sleppa til að mynda öllum bleikum bókum. Allar voru sammála því. Í mörgum tilfellum þegar stelpu- og strákabækur voru ræddar enn frekar komust þær þó oft að þeirri niðurstöðu að strákar gætu lesið þær bækur sem þeir vildu.

Fá börn sögðust lesa dagblöð, sum lásu þó teiknimyndasögurnar og aðrar barnasíður. Nokkur lesa íþróttafréttir eða ef þau sjá annað áhugavert efni þegar þau eru að leita að barnasíðunum. Tímaritalestur virðist ekki vera algengur, einhverjar stelpurnar kannast við að hafa lesið Júlíu og Galdrastelpur, einn strákur les blöð um snjóþretti og annað slíkt er tengist áhugamálum hans. Flest hafa lesið Andrés Önd og önnur slík blöð. Dagskráin og aðrir

auglýsingabæklingar voru einnig nefndir sem lesefni þegar þau voru spurð um tímarita- og dagblaðalestur.

Viðmælendur skoðuðu margir fræðibækur og voru þá nefndar fræðslubækur um dýr og líkamann. Einnig lásu viðmælendur fræðslubækur sem tengdust áhugamálum þeirra, til dæmis ýmsum íþróttum.

Þegar viðmælendur voru spurðir að því hvort þeir hefðu hlustað á hljóðbækur voru Disney bækurnar oftast nefndar. Þeim fylgir geisladiskur þar sem bókin er lesin upp og mörg börn höfðu hlustað á þessar sögur. Einn viðmælandi nefndi að hann hefði fengið hljóðbók á Amtsbókasafninu til að hlusta á. Annar viðmælandi sagðist hafa prufað að hlusta á hljóðbók en fannst það taka of langan tíma.

Hún las svo hægt, hún las svo hægt að ég var alveg í klukkutíma að klára eina bók

Þegar þau eru spurð að því hvort þau lendi í því að skilja ekki það sem þau eru að lesa þá segjast þau ýmist biðja um aðstoð eða lesa aftur og þá sleppa því ef þau skilja ekki orðin.

Uu ég spurði þabba hvað það þýddi

Einn viðmælandi sagði:

Stundum les ég líka stundum sömu blaðsíðuna fimm sinnum ef ég skil ekki orð á henni.

Um það bil helmingur viðmælenda skrifar sögur eða ljóð heima, stelpurnar eru þar í meirihluta. Einn drengur talaði um að honum þætti skemmtilegt að skrifa sögur í skólanum en hann sagðist samt sem áður ekki gera það þegar hann væri heima. Fjórar stúlkur voru að vinna að bók. Tvær stúlkur sögðu frá því að þær væru að skrifa bók og önnur sagði frá því að hún ætti sögubók sem hún safnaði sögunum í og sagðist einnig skrifa mikið af ljóðum. Enn önnur var að skrifa bók með vinkonu sinni. Strákunum finnst gaman að skrifa sögur eða ljóð en gera það almennt ekki nema í skólanum.

Fáir viðmælendur höfðu notað eða séð lesbretti. Mörg börn höfðu ekki séð lesbretti og vissu ekki að hægt væri að lesa bækur í þeim. Í einum hópnum þar sem einungis voru drengir skapaðist mikil spenna þegar þeim var sýnt lesbretti í eigu annars rannsakandans. Strákarnir voru sérstaklega áhugasamir yfir tækinu og þótti það spennandi leið til að lesa.

Skólarnir

Í skólum allra þátttakenda las kennarinn í nestistímanum en einnig var nefnt að tilkynningar væru lesnar upp. Flestir viðmælendurnir voru ánægðir með að lesið væri í nestistímanum. Einn viðmælandi benti á mikilvægi þess að bækurnar væru skemmtilegar.

Bara þegar það eru einhverjar skemmtilegar bækur og ekki þegar það er ekkert að gerast eða eitthvað í bókinni

Einn viðmælenda nefndi þó að honum fyndist ekki gott að hlusta þar sem þau þyrftu alltaf að gera ritgerð um söguna sem lesin væri upphátt.

Margir viðmælendur sögðust hafa tekið þátt í sérstöku lestrarátaki í skólanum sínum en þó ekki allir. Tveir drengir sögðu frá lestrarátaki í sínum skóla:

A: Við skrifuðum hvað við lásum margar blaðsíður heima og síðan settum við

B: Eitt pasta fyrir tíu blaðsíður.“

A: Pastað fór í krukku og eftir ákveðið mörg fékk bekkurinn umbun.

Einnig voru nefndir bókaormar og lestrartré.

Mannstu þegar við vorum síðan alltaf að skrifa á laufblöðin, hvað við höfðum lesið?

Einn viðmælandi sagði frá því að í hennar bekk hafði farið fram bókakynning. Þá kynntu nemendur þær bækur sem þeir voru að lesa og gáfu þeim stjórnur eftir því hversu góð þeim þótti bókina vera. Viðmælandinn sagði að kynningarnar höfðu hjálpað honum að velja sér bækur til að lesa.

Að auka lestur

Flestir viðmælendanna töldu að krakkar ættu að hvetja aðra krakka til að lesa meira, þá einna helst með því að ræða við þá og segja þeim frá spennandi bókum.

Ef einhver er að lesa geðveikt skemmtilega bók þá getur hann sagt þú verður að lesa hana hún er geðveikt skemmtileg.

Fleiri hugmyndir komu fram sem þátttakendur töldu að gætu verið árangursríkar til að hvetja önnur börn til að lesa meira.

Hægt að hvetja til dæmis ef bókin sé ekki endilega skemmtileg þá getur maður sagt frá annarri bók sem þú veist þú verður að þú veist þú getur líka sagt að það sé gott fyrir mann að lesa mikið.

Einn viðmælandinn benti einnig á mikilvægi þess að hvetja krakka til að gefast ekki strax upp á bókunum heldur að halda áfram þrátt fyrir að bókin væri ekki svo spennandi strax.

Líka að segja af því að sumir segja alltaf að ohh þessi bók er svo leiðinleg mig langar að skipta um bók þá getur maður sagt þú ert kominn svo stutt þannig að ég myndi lesa áfram þá verður hún kannski skemmtileg. Svo kannski þegar þau eru búin með bókina þá segja þau, þá segja þau þú veist bara að þetta sé ógeðslega skemmtileg bók.

Nokkrir viðmælendur voru sammála um að það væri algengt að börn gæfust upp á að lesa sumar bækur áður en þær byrjuðu að vera skemmtilegar. Einnig var rætt hverjir væru best til þess fallnir að hvetja börn til að lesa meira. Einn viðmælandi sagði:

Þeir sem eru góðir að lesa og lesa margar bækur.

Ein stúlka sagði frá sinni eigin reynslu þegar hún hafði sagt vinum sínum frá skemmtilegri bók

Ég held að það sé hægt að ég prófaði að hérna ég hef prófað að lesa kannski einhverja skemmtilega bók og svo hef ég talað við vinkonur mínar sem eru kannski ekki alveg jafn lesa ekki alveg jafn mikið og sagt þeim að þessi bók sé rosalega skemmtileg og sagt að þær ættu að lesa hana eða að það væri mjög gaman að lesa hana...Þá hafa þær oft lesið hana.

Flest börnin könnuðust við að hafa séð bækur auglýstar en voru sammála um að það mætti vera meira um það. Margir viðmælendur minntust á bókamarkaðina og höfðu tekið eftir auglýsingum um þá. Einnig sögðust sumir hafa séð bækur auglýstar í sjónvarpi og sögðu það oftast vera fullorðinsbækur. Viðmælendur voru spurðir hvort þeir notuðu auglýsingar til að velja sér bækur. Einn viðmælandinn sagði:

Ég sé stundum auglýsingarnar, ef bókin er eitthvað spennandi þá fer ég að reyna að leita að henni á bókasafninu

Bókasöfn

Viðmælendurnir eru almennt mjög duglegir að nýta sér skólabókasafnið á skólatímanum. Einna helst fannst þeim ekki vera nóg af nýjum bókum í boði eða þá að það þyrfti að bíða lengi eftir nýju bókunum sem væru vinsælastar. Einn viðmælandi sagði um skólabókasafnið:

Já það eru alltaf sömu bækurnar það eru aldrei nýjar

Einnig var kannað með notkun á Amtsbókasafninu og var meira um það að þau væru að nota Amtsbókasafnið á sumrin en veturna. Samt sem áður töluðu nokkrir viðmælendur um að úrval bóka á Amtsbókasafninu væri talsvert betra heldur en á skólabókasafninu. Einn viðmælandanna taldi að hann myndi nota það meira eftir námskeiðið.

Áhugavert er að viðmælendur í tveimur hópum nefndu sama skólabókasafnsfræðinginn með nafni og töluðu um að hún væri mjög dugleg að hjálpa þeim við að finna bækur og vissi hvað hentaði þeim og hvað ekki.

Hún er mjög góð í að hjálpa krökkum að finna góða bók að lesa.

Við megum eiginlega bara taka allar nema, Dagný bókastjórinn okkar svona minnir okkur á að þetta eru svona bækur sem við kannski skiljum ekki.

Viðmælendur voru spurðir hvort þeir mættu velja þær bækur sem þeir vildu á bókasafninu. Í flestum tilfellum voru ákveðnar bækur sem börnin máttu velja úr.

A: Við byrjuðum með svona bækur sem kennarinn lét okkur hafa

B: Já. Við máttum samt ekki ráða, kennarinn rétti okkur einhverja passlega bók sem við gætum lesið

C: Bók sem hann hélt að við gætum lesið

Viðmælendur voru sáttir við að kennarinn hefði valið bækur fyrir þá fyrst um sinn og töldu þær bækur hafa hentað sér. Einn viðmælandi sagði:

Uhm, sko þegar ég var í öðrum bekk að þá bað ég kennarann minn um að þúst þegar ég fór í þriðja bekk þá bað ég kennarann minn um að leyfa mér að taka bækur á bókasafninu til að lesa heima af því að ég hafði af því að ég bækurnar sem ég var alltaf hérna hérna fengin til að lesa heima þær voru alltaf allt of barnalegar en ekki svona eins og fyrir stóra krakka og mér fannst þær eiginlega ekkert bara svona skemmtilegar og svona, þannig að ég fékk að velja mér bækur á bókasafninu í skólanum

Þessi viðmælandi sem er mikill lestrarhestur fékk að velja sér bækur sem hæfðu hennar hæfni þrátt fyrir að hún væri þá að fá að láni bækur sem börn í öðrum bekk eru venjulega ekki að lesa.

Greining á viðtölum við viðmiðunarhópa

Þátttakendur í viðmiðunarhópnum tveimur voru annars vegar fjögur börn sem voru á sumarleikjanámskeiði hjá Knattspyrnufélagi Akureyrar, KA og hins vegar þrjár stúlkur sem fundnar voru með markmiðsúrtaki. Allir þátttakendurnir á sumarleikjanámskeiði KA sögðust vera þar vegna þess að foreldrar þeirra væru að vinna. Viðmælendurnir voru spurðir hvort þau vissu af fleiri sumarnámskeiðum fyrir börn, þá voru nefnd sumarleikjanámskeið hjá öðru íþróttafélagi en ekki sumarlestrarnámskeiðið. Þegar þeir voru spurðir hvort þeir höfðu heyrt af sumarlestrarnámskeiðinu var einungis einn viðmælandi sem hafði gert það. Sú hin sama hafði einnig viljað fara en komst ekki. Í síðari viðmiðunarhópnum var einn viðmælandi sem sagðist hafa langað að fara á sumarlestrarnámskeiðið en gleymt að senda umsókn. Annar viðmælandi hafði verið á námskeiðinu í fyrra en sagðist hafa viljað vera í fríi núna í sumar. Þriðji viðmælandinn vissi af námskeiðinu en langaði ekki á það. Enginn þeirra þátttakanda sem valdir voru með markmiðsúrtaki fór á sumarnámskeið.

Fimm af þessum sjö viðmælendum stunduðu skipulagðar íþróttæfingar. Hinir tveir höfðu stundað íþróttir en voru ekki virkir iðkendur á þeim tíma sem viðtölin voru tekin. Einn viðmælandi stundaði tónlistarnám og einn nefndi lestur sem áhugamál sitt.

Öll börnin höfðu aðgang að tölvu eða áttu tölvu sjálf. Þau sögðust nota tölvu til að fara á leikjasíður, skoða bíla og Youtube. Auk þess sögðust tveir viðmælendur fara inn á fréttasíður. Leikjatölvur voru einnig nefndar og sögðust nokkrir viðmælendur spila tölvuleiki.

Enginn þátttakendanna sagðist horfa mikið á sjónvarp en það sem þau horfðu á var barnaefni og gamanmyndir. Einn svaraði á eftirfarandi hátt þegar hann var spurður hvort hann horfði eitthvað á sjónvarp:

Ég er eiginlega oftast úti.. já, út af því ég nenni aldrei að horfa á sjónvarp á veturna, því það er svo skemmtilegt úti

Þrjár stúlkur sögðust horfa á sjónvarp eða spila leiki í leikjatölvum daglega.

Lestur og lestraruppeldi

Allir þátttakendurnir í viðmiðunarhópnum sögðust hafa byrjað að lesa í fyrsta bekk í grunnskóla en ein nefndi þó að hún hefði aðeins verið byrjuð að læra að lesa á síðasta árinu í leikskóla.

Fimm þátttakendur sögðust lesa lítið en einn dró svo í land og sagði að á heildina lítið læsi hann miðlungs mikið. Tvær stúlkur lásu talsvert. Sex þeirra þátttakenda sem rætt var við sögðust lesa meira á veturna þegar skólinn væri en einungis einn viðmælandi sagðist lesa jafn mikið á sumrin og á veturna. Þegar þau voru spurð hve margar bækur þau læsu yfir sumarið svaraði einn þrjár til fimm, tveir þátttakendur sögðust lesa tvær. Öll börnin nefndu að best væri að lesa inni í herbergi en stofan, eldhúsið og herbergi foreldranna var einnig nefnt.

Lesið var fyrir alla þátttakendur í viðmiðunarhópnum áður en þeir lærðu sjálfir að lesa nema einn. Mæður allra sex barnanna sem lesið var fyrir sáu um lesturinn en eitt þeirra tók fram að pabbi sinn hefði stundum lesið. Einn þátttakandi sagðist telja báða foreldra sína lesa jafn mikið. Sex þátttakendur sögðu að enn væri stundum lesið fyrir þá áður en þeir færu að sofa en annars læsu þeir sjálfir.

Einn viðmælandi nefndi að hann læsi fyrir yngra systkin sitt. Tveir aðrir þátttakendur nefndu að eldri systkini sín hefðu lesið fyrir þau. Þegar viðmælendur voru spurðir hvort aðrir á heimilinu læsu svöruðu þrír þátttakendur að systkini þeirra læsu og foreldrar. Tvö börn sögðu að enginn læsi á sínu heimili. Ein stúlka sagði:

Já mamma og pabbi lesa þínu Fréttablaðið og Dagskrána og ég er stundum að kíkja yfir það og síðan er ég stundum að lesa bækur fyrir systur mína og síðan les hún bara stundum sjálf

Ein sagði að foreldrar sínir læsu ekki mikið en bætti við:

Ekki svo ég viti af

Öll börnin hafa aðgang að bókum heima hjá sér og sögðust öll nema eitt eiga mikið af bókum sjálf. Sá þátttakandi sem nefndi að það væri ekki til svo mikið af bókum á sínu heimili

sagði auk þess frá því að þær væru geymdar í dalli í herbergi systkinis hans. Öll nema eitt sögðust fá bækur þegar haldnir væru bókamarkaðir og einn sagði að hann færi í bókabúðir. Allir þátttakendur fá bækur í jóla- og afmælisgjafir. Fjórir viðmælendanna hafa ekki óskað þess sérstaklega að fá bækur gefins, þeim fannst það samt sem áður skemmtilegt. Þrjár stúlkir sögðust stundum óska eftir bókum í jóla- og afmælisgjafir. Tveir viðmælendur töluðu um ákveðna ættingja sem alltaf gæfu þeim bækur.

Viðhorf til lesturs

Þátttakendur voru spurðir hvort það skipti máli að vera góður að lesa. Enginn þátttakandi í viðmiðunarhópnum svaraði þessari spurningu játandi í fyrstu. Sex af sjö þátttakendum nefndu enga ástæðu fyrir því afhverju það gæti verið gott að vera góður í lestri. Einn viðmælandi sagði:

Það skiptir náttúrulega máli út af því að stærðfræðibækurnar sem við erum með það þarf að læra að lesa til þess að geta verið í þeim af því að maður þarf að lesa sjálfur upplýsingarnar

Spurt var um viðhorf til lestrarhesta eða þeirra sem lesa mikið. Einn viðmælandi sagði:

Mér líst bara vel á það

Önnur sagði:

Ég hef ekki séð mikið af krökkum í skólanum lesa mikið

Einn viðmælandinn átti ættingja sem hún sagði lesa mjög mikið. Þegar hún var spurð hvað henni fyndist um það sagði hún:

A: Stundum leiðinlegt

Spyrjandi: Finnst þér leiðinlegt stundum

A: Já eins og í gær, þá þurfti hann endilega að klára það

Spyrjandi: Já gat ekki hætt

Önnur neikvæð viðhorf komu ekki í ljós til þeirra sem lásu mikið. Annar viðmælandi svaraði eftir að hún var spurð hvað henni fyndist um aðra sem lásu mikið:

A: Já ég er stundum að hugsa um það hvað þeir eru að lesa um

Spyrjandi: Já

A: Og hvernig þessi bók er

Spyrjandi: Finnst þér það áhugavert kannski

A: Já, stundum tek ég sömu bækurnar til að athuga

Tveir þátttakendur nefndu að þeir höfðu skipst á bókum við vini sína eða féлага. Þátttakendurnir virtust ekki velta því mikið fyrir sér hvort vinir þeirra eða bekkjarfélagar lásu mikið eða lítið. Flestir sögðu að bekkjarfélagar þeirra væru duglegir að lesa. Þegar spurt var hvort stelpurnar eða strákar væru duglegri að lesa svöruðu fjórir þátttakendur því til að það væri jafnt, tvær sögðu stelpurnar duglegri og einn strákana. Tveir viðmælendur töluðu um að strákar væru að fíflast þegar það væru lesstundir í skólanum en sögðu svo frá því að stundum væru stúlkurnar ekki heldur að einbeita sér að lestrinum.

A: Það er alltaf svona lestrarstundir í skólanum sem maður átti að lesa

B: Þótt maður nennti því ekki

Spyrjandi: Og voru svona flestir að lesa þá

A og B: Já

B: Sumir voru bara að leika sér og fíflast

Spyrjandi: Er það þá meira strákar eða stelpur sem voru að leika sér eða

B: Strákarnir

A: Strákarnir

Spyrjandi: En stelpurnar voru þær allar að lesa eða voru þær að gera eitthvað annað

A: Ekki allar

B: Sumir voru í rólegheitum

Þessar stúlkur komust að þeirri niðurstöðu að það væri erfitt að segja til um hvort það væru frekar stelpur eða strákar sem væru duglegri að lesa.

Fimm viðmælendanna sögðust ekki ræða við aðra um bækur. Þau voru einnig spurð hvort það kæmi stundum fyrir að vinir þeirra eða félagar segðu þeim frá skemmtilegum bókum, viðmælendurnir sögðu það koma sjaldan fyrir. Tveir viðmælendanna sögðust ræða um bækur.

A: Eins og mömmu og pabba og síðan stundum við einhverjar bekkjarsystur eða eitthvað

Spyrjandi: Eruð þið þá að tala um eruð þið að segja frá einhverri skemmtilegri bók eða spjalla um söguþráðinn eða bara

A: Bara að spjalla um bókina sjálfa

Lesefni

Þegar börnin voru spurð hvaðan þau fengju hugmyndir að bókum til að lesa voru foreldrar nefndir. Þau töldu útlit bókarinnar ekki skipta máli. Einn viðmælandinn sagði:

Stundum fæ ég hugmyndir þegar ég sé aðra lesa þær

Tveir viðmælendur sögðust stundum velja lesefni af handahófi.

Já það er stundum að stundum er ég að hugsa hvaða bók ég ætti að taka þá bara loka ég augunum og tek einhverja

Þegar spurt var um vinsælar bækur voru bækurnar um Skúla skelfi nefndar og Gæsa húðar bækunar. Einn þátttakandi sagði:

Jaa ég held að það sé ein bókategund sem er Gæsa húð það eru mjög margir að velja hana

Fjórir þátttakendur sögðust frekar vilja bækur með myndum, hinir vildu annaðhvort ekki hafa myndir eða fannst það ekki skipta máli. Þeir sem vildu hafa myndir sögðu ástæðuna fyrir því vera þá að það væri skemmtilegt að sjá myndir af því sem verið var að lesa um, sjá hvernig sögupersónunar líta út en einnig gæti það hjálpað til við að skilja söguna.

Flestir virtust vera sammála um að skemmtilegar bækur væru spennandi og þær innihéldu eitthvað nýtt. Einn viðmælandi nefndi að bækur væru leiðinlegar ef það væru ljót orð í þeim.

Einn viðmælandinn talaði um að sumar bækur eins og Disney bækurnar væru ekki lengur skemmtilegar en taldi ástæðuna fyrir því vera hve oft þær hefðu verið lesnar.

Þátttakendur voru spurðir hvort það væri munur á því hvaða bækur strákar og stelpur veldu. Einn viðmælandinn sagði suma stráka velja Harry Potter bækurnar. Þegar spurt var hvort stelpurnar læsu ekki Harry Potter taldi annar viðmælendi svo vera. Einnig var nefnt að strákar veldu frekar „stríðnisbækur“ en dæmi um slíka bók er Skúli skelfir. Einn viðmælandi mótmælti því að það væru einungis strákar sem veldu „stríðnisbækur“ og sagði stúlkur lesa þær líka. Fjórir af viðmælendunum sjö sögðust einungis velja sér bók fyrir sitt kyn. Aðspurð að því hvernig þau sæu muninn svaraði einn:

Við sjáum það

Einnig var nefnt að prinsessubækur væru einungis fyrir stúlkur. Börnin fjögur voru sammála um að strákar ættu að lesa bækur fyrir stráka og stelpur að lesa bækur fyrir stelpur. Rannsakendur spurðu þá hvort fótboltabók eins og *Víti í Vestmannaeyjum* væri stelpu eða strákabók og þá voru þátttakendur sammála um að það væri bók bæði fyrir stelpur og stráka. Þrír viðmælendur sögðu þó að bæði stelpur og strákar gætu valið sér hvaða bækur sem þau vildu.

Allir þátttakendurnir nema einn sögðust lesa dagblöð. Einn sagði:

Nei ég bara les það sem mér finnst mikilvægt og eitthvað

Tímarit eins og Andrés önd og Júla virtust vera vinsæl meðal barnanna. Margir sögðu einnig frá því að þeir læsu Dagskránnu.

Spurt var hvort þátttakendum fyndist skemmtilegt að lesa fræðibækur. Sex þátttakendur sögðu svo vera og sögðu það geta verið fræðibækur um ýmislegt til dæmis um dýrin og líkamann.

Dýr og bara líkamann og svona

Allir þátttakendur sögðust stundum hlusta á hljóðbækur. Allir viðmælendurnir sögðust hafa orðið fyrir því að skilja ekki eitthvað ákveðið orð þegar þeir væru að lesa. Margir sögðust biðja kennarann um aðstoð ef þetta ætti sér stað í skólanum en ef þeir væru heima spyrðu þeir foreldra sína eða systkini. Einn viðmælandi sagðist hoppa yfir orðið ef hann skyldi það ekki.

Þegar spurt var hvort börnin skrifuðu stundum sögur og ljóð utan skólans voru þrjár stúlkur sem sögðust ýmist skrifa sögur eða ljóð.

Einn viðmælandi átti lesbretti og fannst þægilegt að nota það til lesturs. Þrír aðrir viðmælendur höfðu séð lesbrettin og voru þau til inni á heimilum tveggja þeirra, en höfðu ekki notað þau.

Skólarnir

Lesið var í nestistímanum í skólunum hjá öllum viðmælendum. Öllum fannst gaman að hlusta á sögur í nestistímanum en einn nefndi að það væri leiðinlegt þegar leiðinlegar bækur væru lesnar.

Fimm þátttakendur sögðu að lestrarátök hefðu verið haldin í sínum skólum. Fjögur þeirra sögðu að í lestrarátökunum fælist að lesa fyrir kennarann sinn. Einn þátttakandi sagði frá því að bækur hefðu verið gerðar aðgengilegri í skólanum.

Að auka lestur

Allir voru sammála um að það væri hægt að hvetja þá sem lítið læsu til þess að lesa meira. Flest börnin töldu að ef þau myndu heyra meira af skemmtilegum bókum þá myndu þau lesa fleiri bækur. Þau töldu það ekki skipta máli hver það væri sem segði frá skemmtilegri bók, þau myndu taka jafn mikið mark á öllum. Þó voru kennarar, foreldrar og einnig aðrir krakkar nefndir.

Flestir töldu bækur ekki vera mjög vel kynntar eða auglýstar. Einhverjir sögðust þó hafa tekið eftir auglýsingum um bækur en töldu það þó í fleiri tilvikum vera fullorðinsbækur. Allir voru sammála um að það gæti verið gott ef skemmtilegar bækur væru auglýstar því þá myndu þau frekar vita af þeim og geta lesið þær.

Bókasöfn

Allir viðmælendurnir nema einn sögðust fá bækurnar sem þeir læsu á veturna á skólabókasafninu. Ein stúlka sagðist nota skólabókasafnið og Amtsbókasafnið jafn mikið. Allir þátttakendur höfðu farið á Amtsbókasafnið og fengið þar lánaðar bækur en mislangt var síðan þau höfðu farið síðast.

Ég er eiginlega ekkert á Amtsbókasafninu sko út af því að það er mjög langt síðan ég fór á það bara síðast þegar ég fór á það þá var ég í leikskóla eða eitthvað

Greining á útlánsögnum Amtsbókasafnsins

Amtsbókasafnið veitti upplýsingar um útlán barna sem fædd eru á árunum 2002–2003 á safninu í júnímánuði árið 2012. Taflan sýnir vinsælustu tímaritin og vinsælustu bókatitlana ásamt upplýsingum um hversu oft eintakið var lánað út.

Tímarit	Fjöldi útlána	Bækur	Fjöldi útlána
Andrés önd	35	Dagbók drápskattar	2
Galdrastelpur	29	Dagbók Kidda klaufa (3 bækur)	8
J-14	6	Galdrastelpur	3
Júlía	18	Gallsteinar afa	2
Ljósálfar	17	Hjarta salamöndrunnar	3
Vi unge	4	Lotta flytur að heiman	3
		Maxímús Músíkús: bjargar ballettinum	2
		Minni líkur meiri von	2
		Syrpa	26
		Nýja húsið hans Barbapabba	2
		Skúli skelfir	4
		Sögur af Frans (5 bækur)	7

Tafla 1: Útlán barna fæddra á árunum 2002–2003 á Amtsbókasafninu í júní 2012.

Af tímaritum voru Andrés önd og Galdrastelpur vinsælust. Önnur tímarit eins og Júlía og Ljósálfar voru einnig talsvert lánuð út.

Syrpurnar voru þær bækur sem mest voru teknar að láni á Amtsbókasafninu af börnum fæddum á árunum 2002 og 2003. Dagbók Kidda klaufa og Sögur af Frans voru þær bækur sem oftast voru lánaðar en hvort tveggja eru bókaflokkar og um er að ræða útlán á öllum þeim bókum sem tilheyra bókaflokknum. Mikil dreifing virðist vera á bókavali barna en það er enginn ákveðinn bókatitill sem stendur áberandi mikið upp úr fyrir utan Syrpurnar.

Greining á skólum

Á sumarlestrarnámskeiðum Amtsbókasafnsins og Minjasafnsins á Akureyri voru 44 börn. Í töflu 2 má sjá úr hvaða skólum þátttakendur á námskeiðunum komu.

Skóli	Fyrri námskeið	Seinna námskeið	Samtals
Brekkuskóli	2	9	11
Giljaskóli	4	2	6
Glerárskóli	4		4
Lundarskóli	9	6	15
Naustaskóli	2	2	4
Oddeyrarskóli	2		2
Síðuskóli	1		1
Óvíst	1		1

Tafla 2: Skipting þátttakenda eftir skólum á sumarlestrarnámskeiði Amtsbókasafnsins

Flestir þátttakendur á námskeiðinu komu frá tveimur skólum, það er Brekkuskóla og Lundarskóla. Rannsakendur sendu skólastjórum allra grunnskóla á Akureyri tölvupóst og óskuðu eftir upplýsingum um skólabókasafnið og hvort lestrarátak væri í skólunum hjá þriðja og fjórða bekk.

Upplýsingar bárust frá öllum skólum sem staðsettir eru á Akureyri eða Lundarskóla, Glerárskóla, Síðuskóla, Naustaskóla, Giljaskóla, Oddeyrarskóla og Brekkuskóla. Í öllum skólunum er farið í sérstakt átak sem ætlað er að hvetja til lesturs. Mismunandi er á milli skólanna hvaða aðferðir eru notaðar til að auka lestur. Sérstakur starfsmaður sér um bókasafnið í öllum skólunum nema einum, Naustaskóla, sem er nýjasti skólinn í bænum.

Amtsbókasafnið býður árlega öllum Grunnskólunum á Akureyri að koma í kynningu á bókasafnið. Þeir skólar sem komu í formlega kynningu síðasta skólaár voru Brekkuskóli,

Lundarskóli, Naustaskóli og Síðuskóli. Fjórði bekkur hjá Oddeyrarskóla kom á kynningu hjá safninu í sambandi við lestrarátakið Fágæti og furðuverk. Kynningar á sumarlestrarnámskeiði Amtsbókasafnsins fóru fram á mismunandi hátt á milli skóla. Herdís Anna Friðfinnsdóttir barnabókavörður kynnti námskeiðið í Lundarskóla og Brekkuskóla. Sigríður Örvarsdóttir safnvörður Minjasafnsins á Akureyri fór í Síðuskóla, Giljaskóla og Glerárskóla. Kennararnir í Naustaskóla sáu sjálfir um kynningu á námskeiðinu en í Oddeyrarskóla voru kynningar ekki leyfðar þar sem stefna skólans er að leyfa ekki kynningu á námskeiðum fyrir börn sem þarf að borga fyrir þátttöku á.

Umraeda

Markmið rannsóknarinnar var að öðlast dýpri skilning á þeim þáttum sem gera ung börn að áhugasömum lesendum, lestrarhestum. Upplýsinga var aflað með hálf opnum rýnihópa viðtölum við börn í þriðja og fjórða bekk og voru þátttakendur í rannsókninni annars vegar 17 lestrarhestar sem tóku þátt í sumarlestrarnámskeiði Amtsbókasafnsins á Akureyri og hins vegar voru sjö börn í viðmiðunarhópi.

Áberandi var hversu virkir allir lestrarhestarnir voru nema einn. Margir stunduðu íþróttir, tónlistarnám auk þess að lesa mikið en börnin í viðmiðunarhópunum virtust ekki vera jafn virk í tómstundum og lestrarhestarnir. Svo virðist vera sem lestrarhestar séu ekki einangraði „nördar“ heldur börn sem taki virkan þátt í hvers kyns tómstundariðju. Þessar niðurstöður eru í samræmi við margar rannsóknir sem sýna að börn sem lesa í frítíma sínum standa betur að vígi að mörgu leyti (Hughes-Hassel og Rodge, 2008).

Lestur og lestraruppeldi

Stúlkurnar sem töldust vera lestrarhestar byrjuðu flestar að lesa fjögurra eða fimm ára gamlar, tvær höfðu lært að lesa þriggja ára og einungis ein lærði að lesa í fyrsta bekk í grunnskóla. Hins vegar byrjuðu allir drengirnir sem voru lestrarhestar að lesa í fyrsta bekk nema einn sem byrjaði að lesa á síðasta ári í leikskóla. Niðurstöðurnar benda til þess að stúlkur byrji að lesa fyrr en drengir. En einnig ber að geta þess að mun fleiri stúlkur en drengir tóku þátt sumarlestrarnámskeiðinu.

Þátttakendurnir í lestrarhestahópnum sem sögðust hafa áhuga á lestri lásu jafn mikið á sumrin og á veturna. Hins vegar var einungis einn viðmælandi úr viðmiðunarhópnum sem sagðist lesa jafn mikið á sumrin og á veturna. Mörg börnin í viðmiðunarhópnum virtust ekkert lesa á sumrin. Rannsóknir Hughes-Hassel og Rodge (2008) hafa sýnt fram á mikilvægi sumarlesturs, sérstaklega fyrir börn sem gengur illa í lestri. Niðurstöðurnar benda til þess að áhugasömu lesendurnir lesi á sumrin en ekki þeir sem hafa minni áhuga.

Lesið var fyrir alla lestrarhestana áður en þeir lærðu sjálfir að lesa nema einn. Mörg börn nefndu að báðir foreldrar þeirra hefðu lesið fyrir þau. Jafn margir þátttakendur nefndu einungis móður og föður. Auk þess komu fleiri aðilar að því að lesa fyrir börnin en þá voru nefnd afi og amma en einnig systkini. Í viðmiðunarhópunum var einnig lesið fyrir öll börnin nema eitt áður en þau lærðu sjálf að lesa. Mæður allra barnanna sáu um lesturinn en eitt þeirra nefndi að pabbi sinn læsi stundum. Rannsóknir Romme-Lund (2007) sýna sterk tengsl milli þess að lesið sé fyrir börn og að þau lesi sjálf. Enn var lesið fyrir um helming lestrarhestanna og fannst öllum börnunum nema einu þægilegt þegar lesið var fyrir þau. Sama átti við um viðmiðunarhópin en þar var einnig enn lesið fyrir helming viðmælenda, og þá áður en þeir fóru að sofa á kvöldin.

Á heimilum allra lestrarhestanna var einhver sem las sér til yndis og töluðu nokkur börn um að ákveðnir meðlimir fjölskyldunar væru lestrarhestar. Einnig voru margir sem sögðu að allir á heimilinu læsu. Öll börnin höfðu því lestrarfyrirmyndir. Þátttakendurnir í viðmiðunarhópunum höfðu ekki eins sterkar lestrarfyrirmyndir og lestrarhestarnir. Til að mynda sögðu tvö börn að enginn læsi á heimili þeirra.

Allir áhugasömu lesendurnir höfðu aðgang að bókum heima hjá sér og sögðust eiga mikið af bókum. Börnin í viðmiðunarhópnum áttu öll bækur heima hjá sér og sögðust öll eiga mikið af bókum nema eitt.

Viðhorf til lesturs

Öllum lestrarhestunum fannst það skipta máli að vera góður að lesa. Þau nefndu ýmsar ástæður fyrir því t.d. að þau þyrftu að vera góð í lestri til að geta farið í háskóla, vinna og lesa textann í bíómyndum. Einnig töluðu börnin um ástæður sem tengist ánægjunni af lestri og bentu á að því betri sem þau væru í lestri þeim mun erfiðari bækur gætu þau lesið og þær væru skemmtilegri heldur en einföldu bækurnar, auk þess væru þau fljótari með bækurnar. Viðhorf barnanna í viðmiðunarhópnum voru gjörólík viðhorfum lestrarhestanna. Einungis einn viðmælendanna í viðmiðunarhópnum gat nefnt ástæðu fyrir því afhverju það skipti máli að vera góður í lestri og sagði sá að það væri nauðsynlegt til að geta lesið stærðfræðidæmin. Munurinn á viðhorfum lestrarhestanna og viðhorfum barnanna í viðmiðunarhópunum er áberandi mikill. Fyrri

rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl milli viðhorfa til yndislesturs og lestrargetu. Viðhorf til lesturs virðast vera neikvæðust meðal þeirra sem eru verst í lestri (McKenna o.fl., 1995).

Þegar lestrarhestarnir voru spurðir um viðhorf annara barna gagnvart þeim sem læsu mikið var einn viðmælandi sem sagði að vinum sínum fyndist það stundum skrítið hvað hann læsi mikið, önnur neikvæð viðhorf í garð lestrarhesta komu ekki fram. Þegar börnin í viðmiðunarhópnum voru spurð hvað þeim fyndist um þá sem læsu mikið sagði einn þátttakandi frá skyldmenni sínu sem læsi mikið og gæti stundum ekki leikið því hann væri að lesa. Önnur neikvæð viðhorf til þeirra sem lesa mikið komu ekki fram.

Þegar börnin voru spurð hvort þau töluðu við einhverja um bækur svörðu þau því öll neitandi. Þegar lestrarhestarnir voru spurðir nánar út í það hvort þeir ræddu stundum um bækur kom í ljós að helmingur þeirra gerði það. Athyglisvert var að börnin töluðu helst um bækur við fjölskyldumeðlimi en ef þau töluðu um bækur við jafnaldra þá voru það önnur börn sem einnig voru áhugasamir lesendur. Tveir þátttakendur í viðmiðunarhópnum sögðust ræða um bækur við foreldra og stundum bekkjarsystkin.

Lesefni

Mörg börn sögðust velja bækur út frá útliti þeirra, þau sögðust sjá það á bókinni hvort hún væri skemmtileg. Rannsóknir Ingibjargar Baldursdóttur (2006) benda til þess að þeir þættir sem börnin nefna eins og útlit bókakápunnar skipti máli þegar yngri nemendur velja sér bækur. Einnig nefndu lestrarhestarnir að þeir leituðu eftir aðstoð við bókaval hjá starfsmanni skólabókasafnsins. Þeir sem helst bentu þeim á ákveðnar bækur voru foreldrar, systkini og kennarar. Rannsóknir Romme-Lund (2007) gefa til kynna að kennarinn sé sá aðili sem helst kemur með hugmyndir að nýju lesefni. Niðurstöður þessar rannsóknar benda til þess að val lestrarhesta á lesefni sé vandaðra, það er þau fá ábendingar frá fleirum og reyna að fylgjast með lesefni þeirra sem eru í kringum þau. Börnin í viðmiðunarhópnum virðast frekar velja bækur af handahófi heldur en lestrarhestarnir. Framhaldsbækur voru einnig mjög vinsælar meðal lestrarhestanna og fannst þeim þægilegt að geta gengið að næstu bók vísri.

Mismunandi skoðanir voru meðal lestrarhestanna um myndir í bókum. Nefnt var að myndirnar gætu hjálpað þeim að skilja erfiðari bækur. Börnin í viðmiðunarhópunum höfðu svipaðar skoðanir á myndum í bókum og lestrarhestarnir og nefndu sömu ástæður.

Lestarhestarnir voru allir sammála um að skemmtilegar bækur væru spennandi, það væri eitthvað að gerast í þeim. Einnig voru margir sem nefndu að léttlestrarbækur væru leiðinlegar og töluðu um að bækur sem væru of auðveldar væru ekki skemmtilegar. Lestarhestarnir virðast sækjast eftir lesefni sem hæfir lestrargetu þeirra. Þátttakendur í viðmiðunarhópnum nefndu sömu þætti og lestrarhestarnir þegar þeir voru spurðir hvaða þættir einkenndu skemmtilegar bækur.

Þegar spurt var hvort til væru ákveðnar stelpubækur og ákveðnar strákabækur voru börnin talsvert óákveðin með svör sín. Í fyrstu voru flestir lestrarhestanna sammála um að það væru margar bækur sem bæði stelpur og strákar gætu lesið, hins vegar væru einnig til bækur sem væru bara fyrir annaðhvort kynið. Þegar þessi mál voru rædd nánar og tekin dæmi af ákveðnum bókum kom oft upp að einhver innan hópsins hafði lesið umrædda bók eða þekkti einhvern sem hafði gert það og þannig var það ávallt afsannað að ákveðnar bækur væru bara fyrir stelpur eða stráka. Allir lestrarhestarnir komust að lokum að þeirri niðurstöðu að það væri ekki hægt að segja til um það hvaða bækur væru fyrir stelpur og hvaða bækur fyrir stráka heldur gætu allir valið þær bækur sem þeir hefði áhuga á. Viðmælendurnir í viðmiðunarhópunum voru margir með sterkari skoðanir á kynjaskiptingu í bókum og sögðust fjögur af sjö börnum einungis velja bækur sem hæfðu sínu kyni. Börnin töluðu einnig um að sumar bækur pössuðu báðum kynjum en aðrar væru einungis fyrir stráka eða stelpur. Samkvæmt rannsóknnum Ingibjargar Baldvinsdóttur (2006) virðast stelpur hafa breiðara áhugasvið og þar með eiga auðveldara með að velja sér bækur. Strákarnir halda sig við sömu bækurnar til dæmis Kaptein ofurbrók, Myndasögusyrpur, Gæsa húðarbækurnar og Harry Potter. Gögn Amtsbókasafnsins um útlán barna fæddra á árunum 2002–2003 í júní mánuði árið 2012 sýndu að talsvert af tímaritum var lánað út og voru Andrés önd, Galdrastelpur og Ljósálfar vinsælust. Syrpur voru mest lánaðar út til barna á þessum aldri í júní en aðrar bækur sem virtust vinsælar voru Dagbók Kidda klaufa og Sögur af Frans. Allar bækurnar sem voru vinsælastar miðað við greiningu á gögnum Amtsbókasafnsins voru einnig nefndar sem dæmi um vinsælar bækur af börnunum í rýnihópunum. Sú mynd sem draga má upp af bókavali barnanna líkist því þeirri mynd sem kom fram í rannsókn Ingibjargar Baldvinsdóttur (2006).

Fáir lestrarhestar lásu dagblöð en talsverður hluti las teiknimyndasögurnar og barnasíðurnar í blöðunum og nokkrir lásu íþróttafréttirnar. Tímaritalestur var ekki algengur en nokkrar stúlkur höfðu lesið tímarit og einn drengur sagðist lesa tímarit sem tengdist áhugamáli hans. Flest höfðu lesið Andrés önd og auglýsingabæklinga. Í viðmiðunarhópnum lásu öll börnin nema eitt dagblöð, einnig voru tímarit eins og Andrés önd og Júlía vinsæl meðal barnanna. Ef til vill hentar betur þeim sem eru ekki jafn góðir í lestri að lesa styttri texta eins og tímaritsgreinar en lestrarhestarnir eru komnir með færni til að lesa þyngra efni.

Margir viðmælendanna í hópi áhugasömu lesendanna sögðust hafa gaman af því að lesa og skoða fræðibækur og nefndu þá bækur um dýr og líkamann en einnig bækur um áhugamál þeirra. Allir nema einn þátttakandi í viðmiðunarhópnum sögðust hafa gaman af því að lesa fræðibækur.

Meðal lestrarhestanna voru fáir sem höfðu hlustað á hljóðbækur en nokkrir nefndu Disney hljóðbækurnar. Öll börnin í viðmiðunarhópnum höfðu hlustað á hljóðbækur

Þegar áhugasömu lesendurnir voru spurðir hvað þeir gerðu þegar þeir lentu á orði sem þeir skildu ekki sögðust þeir spyrja foreldra eða kennara um aðstoð eða sleppa orðinu. Börnin í viðmiðunarhópnum notuðu sömu aðferðir og lestrarhestarnir þegar þau lentu á orðum sem þau skildu ekki.

Helmingur lestrarhestanna sagðist skrifa sögur eða ljóð heima hjá sér. Stúlkur voru þar í meirihluta og voru fjórar þeirra að skrifa bók. Þrjár stúlkur í viðmiðunarhópnum sögðust skrifa sögur eða ljóð heima.

Lesbretti virðast ekki vera komin í almenna notkun en börnin höfðu sum séð þau, þekktu einhvern sem átti svoleiðis og einn þátttakandi í viðmiðunarhópnum átti lesbretti. Þau sem ekki höfðu notað lesbretti voru sérstaklega áhugasöm um þau, einkum drengirnir.

Skólarnir

Lesið var í nestistímanum hjá öllum viðmælendum og voru langflestir ánægðir með það. Einn viðmælandi nefndi þó að honum fyndist það leiðinlegt því hann þyrfti alltaf að vinna eitthvað út frá sögunni sem lesin var, einnig var nefnt að það skipti máli hvaða bók eða saga væri lesin og hvort hún væri spennandi.

Margir viðmælendur sögðust hafa tekið þátt í lestrarátaki í sínum skóla. Þegar nemendurnir voru spurðir nánar út í hvernig þessi lestrarátök fóru fram voru margir sem sögðu að þeir þyrftu að lesa fyrir kennarann. Rannsakendur gátu því ekki komist að því hvort um eiginlegt lestrarátak hafi verið að ræða eða almenna lestrakennslu. Þegar þátttakendurnir í viðmiðunarhópunum voru beðnir um að segja frá lestrarátökunum í sínum skólum sögðu fjórir þeirra að þau hefði átt að lesa fyrir kennarana en einn sagði frá því að bækur hefðu verið gerðar aðgengilegar í skólanum. Rannsakendur sendu öllum grunnskólum á Akureyri fyrirspurn um það hvort lestrarátök hefðu verið haldin í skólunum fyrir þriðja og fjórða bekk síðastliðið ár. Allir skólarnir sögðust hafa verið með lestrarhvetjandi átök fyrir umrædda árganga síðastlið skólaár. Rannsóknir Krashen (2004) hafa sýnt að í skólum þar sem yndislestur er á dagskrá er frammistaða nemenda í lestri að minnsta kosti jafn góð og nemenda í samanburðarhópum og oft og tíðum mun betri

Skóðað var frá hvaða skólum börnin á sumarlestrarnámskeiði Amtsbókasafnsins komu. Lang flestir þátttakendur á námskeiðinu voru úr tveimur skólum, Brekkuskóla og Lundarskóla. Rannsakendur athuguðu tvo þætti sem þeir töldu að gætu skýrt þennan mikla mun á þátttakendum frá skólunum. Í fyrsta lagi var skoðað hvaða skólar hefðu komið með nemendur í kynningu á Amtsbókasafnið síðastliðið skólaár. Báðir umræddir skólar höfðu komið í kynningu sem og þrír aðrir skólar. Einnig var skoðað hvort mismunandi háttur á kynningu námskeiðsins hefði getað haft áhrif á þátttökuna. Herdís Anna Friðfinnsdóttir barnabókavörður kynnti námskeiðið í báðum þeim skólum sem flestir þátttakendur komu frá. Þessir tveir þættir virtust ekki geta skýrt þennan mun. Vegalengdin frá skóla og að bókasafninu skýrði heldur ekki muninn.

Að auka lestur

Flestir lestrarhestarnir töldu að það yrði árangursríkast ef krakkar myndu hvetja krakka til að lesa meira til dæmis með því að segja frá spennandi bókum, tala um það afhverju það er mikilvægt að vera góður í lestri, hvetja þá til að gefa bókunum möguleika og gefast ekki upp strax heldur komast inn í bókina. Öll börnin í viðmiðunarhópnum voru sammála um að það væri hægt að hvetja þá sem lesa lítið til þess að lesa meira. Þau töldu að það myndi ekki skipta máli hver segði þeim frá skemmtilegri bók, þau tækju jafn mikið mark á öllum en kennarar, foreldrar og jafnaldrar voru nefndir. Öll börnin voru sammála um að einnig mætti auglýsa bækur meira því það gæti bæði vakið áhuga þeirra sem lítið læsu á bókum en einnig hjálpað lestrarhestunum að velja sér bækur.

Bókasöfn

Viðmælendur voru duglegir að nýta sér skólabókasöfnin á skólatíma. Lestrarhestarnir gagnrýndu margir að lítið væri af nýjum bókum á skólabókasöfnunum og að þeir þyrftu að bíða lengi eftir nýjustu bókunum. Lestrarhestarnir sögðust nota Amtsbókasafnið meira á sumrin en á veturna en töluðu samt sem áður um að úrval bóka þar væri betra en á skólabókasafninu. Einn skólabókasafnsfræðingur var nefndur í tveimur rýnihópum og töluðu viðmælendur mikið um alla þá hjálp sem þessi ákveðni starfsmaður veitti þeim við val á bókum. Augljóst var að góð aðstoð til barnanna á skólabókasafninu skipti máli og í þessu tilfelli virtust þau treysta fyllilega þessum tiltekna starfsmanni og töluðu um að hann vissi hvaða bækur væru bestar fyrir þau. Þessi skólasafnsfræðingur starfar í öðrum þeirra tveggja skóla sem flestir þátttakendur á sumarlestrarnámskeiðinu komu frá og hugsanlegt er að þessi starfsmaður eigi þátt í því hversu margir nemendur frá skólanum ákváðu að taka þátt. Í flestum tilfellum fá börnin að velja úr ákveðnum bókum og töluðu þau einnig um að kennarinn hafði valið bækur fyrir þau fyrst um sinn, allir voru ánægðir með þetta fyrirkomulag. Þau börn sem voru komin fram úr sínum bekkjarfélögum í lestri virðast fá leyfi til að velja sér bækur sem henta þeirra færni. Í viðmiðunarhópnum var einn viðmælandi sem sagðist nota skólabókasafnið og Amtsbókasafnið jafn mikið. Allir viðmælendurnir höfðu farið á Amtsbókasafnið en það var mislangt síðan. Í rannsókn Romme-Lund (2007) kom í ljós að notkun danskra barna á skólabókasafninu hafði

aukist samhliða auknum lestri. Notkun á almenningubókasöfnum er hins vegar mun minni en rúmlega helmingur barnanna svarar því til að þau noti almenningubókasöfn einu sinni eða sjaldnar yfir árið.

Hagnýtt gildi rannsóknarinnar

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að það séu ákveðnir þættir sem eru sameiginlegir hjá börnum sem teljast til lestrarhesta en ólíkir meðal þeirra barna sem voru í viðmiðunarhópunum.

Áberandi voru mismunandi viðhorf lestrarhesta og barnanna í viðmiðunarhópum gagnvart lestri. Svör barnanna í viðmiðunarhópunum þegar þau voru spurð hvort það skipti máli að vera góður í lestri komu virkilega á óvart. Það hlýtur að teljast áhyggjuefni að aðeins eitt barnanna gat nefnt ástæðu fyrir því af hverju lestur skipti máli. Þetta bendir til þess að frekari umræðu um lestur, tilgang og mikilvægi hans sé þörf meðal grunnskólabarna. Auk þess hafði einungis um helmingur lestrarhestanna rætt við aðra um bækur, þeir sem börnin ræddu við voru í flestum tilfellum fjölskyldumeðlimir. Einn þátttakandi benti á að í skólanum hefði verið bókakynning þar sem allir í bekknum áttu að gefa þeim bókum sem þeir lásu einkunn. Framtak sem þetta veitir vettvang fyrir umræður um bækur auk þess að auðvelda börnum val á bókum.

Lestrarhestarnir bentu á skort á nýjum bókum á skólabókasöfnunum og töluðu einnig um að löng bið væri eftir vinsælum bókum. Einnig var áberandi að það hjálpaði nemendum mikið að geta leitað til starfsmanns á skólabókasafninu sem gat leiðbeint þeim við val á bókum. Börn verða að hafa aðgang að spennandi og skemmtilegum bókum og þau þurfa einnig leiðbeiningar og aðstoð til að finna þessar bækur.

Þrír þættir komu fram í rannsókninni sem tengjast heimilum barnanna. Í fyrsta lagi lásu lestrarhestarnir flestir jafn mikið á sumrin og veturna en það átti ekki við um börnin í viðmiðunarhópunum sem sum hver virtust ekkert lesa. Þessar niðurstöður undirstika niðurstöður annarra rannsókna sem sýna fram á mikilvægi sumarlesturs. Þessar upplýsingar minna okkur enn og aftur á að nauðsynlegt er fyrir börn að lesa í sumarfríinu. Í öðru lagi kom í ljós að á heimilum lestrarhestanna virtust feður barnanna sjá jafn mikið um lestur fyrir þau eins og mæður þeirra. Í viðmiðunarhópunum voru það einungis mæðurnar sem lásu fyrir börnin fyrir utan eitt barn sem

nefndi að faðir sinn læsi stundum. Þessi mikli munur var áberandi og gefur tilefni til frekari rannsókna. Í þriðja lagi var talsverður munur á lestrarfyrirmyndum barnanna. Lestrarhestarnir höfðu allir mjög virka lesendur sem fyrirmyndir heima fyrir en börnin í viðmiðunarhópunum höfðu sum hver engar fyrirmyndir þegar kom að lestri. Hlutverk foreldra í lestraruppeldi barna sinna er ekki síður mikilvægt en hlutverk skólanna.

Hvað varðar kynjamun þá voru mun færri drengir en stúlkur sem tóku þátt í sumarlestrarnámskeiði Amtsbókasafnsins. Þeir drengir sem töldust til lestrarhesta byrjuðu einnig að lesa mun seinna heldur en stúlkurnar sem voru í lestrarhestahópnum. Strákar standa ekki jafn vel og stúlkur þegar kemur að lestri. Fyrirfram var jafnvel búist við að það væru neikvæð viðhorf í garð stráka sem lesa mikið en slík viðhorf komu hvorki fram meðal lestrarhestanna né viðmiðunarhópanna. Hvaða þættir það eru nákvæmlega sem skýra þennan kynjamun er óljóst en augljóst er að nauðsynlegt er að bregðast við með því að reyna að finna leiðir til að virkja drengi í frekari mæli sem áhugasama lesendur. Börnin í viðmiðunarhópunum höfðu sterkari skoðanir á því hvort bækur væru stráka- eða stelpubækur. Lestrarhestarnir ræddu meira um skoðanir sínar og komust síðan flest að þeirri niðurstöðu að strákar og stelpur gætu lesið hvaða bækur sem væri.

Heimildaskrá

Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Níelsson og Júlíus K. Björnsson (2010). *Íslenskir nemendur við lok grunnskólans helstu niðurstöður PISA 2009 rannsóknarinnar um lesskilning og læsi í stærðfræði og náttúrufræði*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Almar Miðvík Halldórsson (2011). *Kynjamunur í námsárangri í grunnskólum í Reykjavík samkvæmt PISA 2009 og samræmdum prófum*. Skýrsla unnin fyrir Menntasvið Reykjavíkur.

Andrea Gerður Dofradóttir og Kristín Erla Harðardóttir (2006). *Lestur og viðhorf til lesturs. Niðurstöður úr rýnihópum 10–15 ára barna og unglinga*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Ása S. Þórðardóttir (1994). Bókval barna. *Bókasafnið*, 18(1), 4–8.

Brynhildur Þórarinsdóttir (2009). Lestrarvenjur íslenskra bókaorma. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar). *Rannsóknir í félagsvísindum X. Félags- og mannvísindadeild*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Bls 569–577. Sótt af: <http://hdl.handle.net/1946/7600>

Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason (2010). Bóklestur íslenskra unglinga í alþjóðlegu ljósi. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar). *Þjóðarspegillinn 2010*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt af: http://skemman.is/stream/get/1946/6738/18428/3/40-50_Brynhildur_orarins_orodduBjarna_FELMANbok.pdf

Brynhildur Þórarinsdóttir, Þóroddur Bjarnason og Andrea S. Hjálmsdóttir (2012). Bóklausir og bókormar. Tengsl menntunar og efnahags foreldra við yndislestur unglinga í alþjóðlegu ljósi. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. Sótt af: <http://netla.hi.is/menntakvika2012/004.pdf>

- Bus, A. G., van IJzendoorn, M. H. og Pellegrini, A. D. (2012). Joint book reading makes for success in learning to read: a meta-analysis on intergenerational transmission of literacy. *Review of educational research*, 82(3), 1–21.
- Gallagher, K. (2010). Reversing readicide. *Educational leadership*, 2, 36–41.
- Hafþór Guðjónsson (2008). PISA, læsi og náttúrufræðimenntun, *Netla vef tímarit um uppeldi og menntun*. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af: <http://netla.khi.is/greinar/2008/015/index.htm>
- Hughes-Hassel, S. og Rodge, P. (2007). The leisure reading habits of urban adolescents. *Journal of adolescent & adult literacy*, 51(1), 22–33.
- Ingibjörg Baldursdóttir (2006). Skólabókasafnið og lestur grunnskólabarna. *Skíma*, 2, 45–46.
- Kim, J. S. (2006). Effects of voluntary summer reading intervention on reading achievement: Results from randomized field trial. *Educational Evaluation and Policy Analysis*, 28(4), 335–355.
- Krashen, S. (2004). Free voluntary reading: New research, applications, and controversies. *Erindi flutt á RELC ráðstefnu, Singapur árið 2004*. Sótt af: www.sdkrashen.com/articles/singapore/singapore.pdf
- McKenna, M. C., Kear, D. J. og Ellsworth, R. A. (1995). Children's attitudes toward reading: A national survey. *Reading research quarterly*, 30(4), 934–956.
- Romme-Lund, H. (2007). *Hvad skaber en lystlæser? Undersøgelse af meget læsende børns læsevaner via spørgeskemaer og interview i forbindelse med Smart-Parat-Svar-quizzen*. Kaupmannahöfn: Center for Børnelitteratur / Danmarks Pædagogiske.
- Sigurlína Davíðsdóttir (2003). Eigindlegar eða megindlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls 219–235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

- Sóley S. Bender (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls 85–99). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir (2009). Ný börn og nýir miðlar á nýju árpúsundi. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar). *Þjóðarspegillinn 2009*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls 56–57). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Viðauki 1

Spurningar fyrir viðtöl á sumarlestrarnámskeiði

Kynning

- Hvaða áhugamál hafið þið?
 - Stundið þið eitthvað
 - Íþróttir?
 - Tómsundur?
- Tölvunotkun
 - Hafið þið aðgang að tölvu heima hjá ykkur?
 - Í hvaða tilgangi notið þið tölvu?
 - Spila tölvuleiki
 - Lesa eitthvað á netinu.
 - Vísindavefurinn
 - Horfa á þætti eða myndir á netinu.
- Sjónvarp
 - Horfið þið mikið á sjónvarp?
 - Á hverjum degi
 - Bæði á kvöldin og á morgnana
 - Á hvað horfið þið?

Námskeiðið

- Af hverju eruð þið á þessu sumarlestrar-námskeiði?
- Hvernig vissuð þið af námskeiðinu?
- Hafið þið verið á sumarlestrar-námskeiði áður?
- Væruð þið til í að koma aftur á sumarlestrar-námskeið?
 - Ef það yrði í boði mundu þau þá vilja koma aftur?

Lestraruppeldi

- Hvað voruð þið gömul þegar þið byrjuðuð að lesa?
- Var lesið fyrir ykkur heima áður en þið lærðuð að lesa sjálf?
- Hvaða bækur voru lesnar fyrir ykkur?
 - Var farið á bókasafnið?
- Er ennþá lesið fyrir ykkur?
 - Heima
 - Í skólanum
- Er lesið fyrir aðra í fjölskyldunni?
- Lesið þið fyrir aðra?
- Er oft lesið á heimilinu?
- Lesa allir?
- Er einhver sem les ekki
 - Hver?
- Nota foreldrar ykkar eða aðrir í fjölskyldunni lesbretti eða spjaldtölvur til að lesa?
- Eru til bækur heima hjá ykkur?
- Eigið þið sjálf bækur?
 - Mikið, miðlungs, lítið

Lestur

- Lesið þið hratt?
 - Vitið þið hvað þið lesið mörg atkvæði á mínútu?
- Skiljið þið hvað þið lesið?
- Finnst ykkur það hjálpa ykkur í skólanum að vera góð í lestri?
- Hversu margar bækur lesið þið á viku?
 - En eftir skóla?
 - Hversu langan tíma á dag notið þið til lestur?
- Lesið þið meira eða minna á sumrin?
- Veljið þið öðruvísi bækur á sumrin?
- Hvar og hvenær er best að lesa?
- Eru einhverjir höfundar eða ákveðnar bækur sem eru vinsælar í bekknum ykkar?
 - En hjá ykkur?
- Eru skólafélagar ykkar líka duglegir að lesa?

- Lesa stelpur meira en strákar eða strákar meira en stelpur?
- Er munur á þeim bókum sem stelpur og strákar lesa?
 - Hvernig eru þessar bækur öðruvísi?
 - Lesið þið líka hinar bækurnar?
- Skiptir einhverju máli hvort bókin er strákabók eða stelpubók?
- Finnst ykkur að strákar og stelpur eigi að lesa bæði stráka og stelpubækur?
- Eru einhverjar bækur skemmtilegri en aðrar?
 - Hvernig bækur?
- Eru til leiðinlegar bækur?
 - Hvernig bækur?
- Lesið þið fræðibækur?
- Lesið þið dagblöð?
- Lesið þið tímarit?
- Hlustið þið á hljóðbækur?
- Notið þið lestrarbretti eða spjaldtölvur?
- Óskið þið þess að fá bækur í jóla- og afmælisgjöf?
 - Fáðið þið bækur í jóla – og afmælisgjafir?
 - Frá hverjum eru þær?
- Semjið þið sjálf sögur eða ljóð?
 - Er það bundið við skólann eða utan skóla?
- Spjallið þið við aðra um bækurnar?
 - Hverja?
- Um hvað spjallið þið, söguþráðinn eða persónurnar?
- Hvað finnst vinum þínum um að þú lesir mikið?
 - Hvað finnst ykkur um þá sem lesa mikið?
- Skiptist þið á bókum við vini ykkar?

Að auka lestur

- Afhverju skiptir það máli að vera góð/ur í lestri?
- Haldið þið að hægt sé að hvetja aðra krakka til að lesa meira?
- Hvernig er hægt að hvetja krakka til að lesa meira?
- Hver ætti að hvetja þau til að lesa meira?

- Hvernig hvetur maður vini sína til að lesa meira?
 - o Fleiri hugmyndir?
- Eru einhverskonar lestrarátök í skólannum hjá ykkur þar sem er hvatt til lesturs?
 - o Hvað er verið að gera? (lestrarormur, lestrartré, bókakynningar, annað).

Hvaða bækur eru valdar og hvernig

- Hvar fáið þið hugmyndir að þeim bókum sem þið lesið?
- Hver er það sem helst bendir ykkur á bækur?
- Hvar fáið þið bækurnar sem þið lesið?
 - o Gefins, Amtsbókasafn, skólabókasafn.
- Notið þið skólabókasafnið mikið eða lítið?
- Skiptir útlit bókarinnar máli?
- Þegar þið sjáið bók vekur útlit hennar athygli ykkar?
- Er ekkert ákveðið sem dregur ykkur að ákveðnum bókum frekar en öðrum?
- Eru ákveðnir litir eða útlit á bókinni sem gerir hana spennandi?
- Skipta myndirnar máli?
 - o Myndir inní eða utaná bókinni.
- Viljið þið fleiri teikningar eða færri?
- Sjáið þið bækur oft auglýstar?
- Má vera minna eða meira af auglýsingum um bækur?
- Er munur á hvaða tíma er verið að auglýsa barnabækur, á hvaða tíma osfv.
- Hvar hafið þið helst séð bækur auglýstar?
 - o Bókatíðindi.

Viðauki 2

Spurningar fyrir viðtöl hjá viðmiðunarhópum

Kynning

- Hvaða áhugamál hafið þið?
 - Stundið þið eitthvað
 - Íþróttir?
 - Tómsundur?
- Tölvunotkun
 - Hafið þið aðgang að tölvu heima hjá ykkur?
 - Í hvaða tilgangi notið þið tölvu?
 - Spila tölvuleiki
 - Lesa eitthvað á netinu.
 - Vísindavefurinn
 - Horfa á þætti eða myndir á netinu.
- Sjónvarp
 - Horfið þið mikið á sjónvarp?
 - Á hverjum degi
 - Bæði á kvöldin og á morgnana
 - Á hvað horfið þið?

Námskeiðið

- Af hverju eruð þið á þessu námskeiði?
- Hvernig vissuð þið af námskeiðinu?
- Vissuð þið af sumarlestrarnámskeiði sem haldið var á Amtsbókasafni?
 - Höfðuð þið áhuga á því námskeiði?
 - Hafið þið farið á sumarlestrarnámskeið?

Lestraruppeldi

- Hvað voruð þið gömul þegar þið byrjuðuð að lesa?
- Var lesið fyrir ykkur heima áður en þið lærðuð að lesa sjálf?
- Hvaða bækur voru lesnar fyrir ykkur?
 - o Var farið á bókasafnið?
- Er ennþá lesið fyrir ykkur?
 - o Heima
 - o Í skólanum
- Er lesið fyrir aðra í fjölskyldunni?
- Lesið þið fyrir aðra?
- Er oft lesið á heimilinu?
- Lesa allir?
- Er einhver sem les ekki
 - o Hver?
- Nota foreldrar ykkar eða aðrir í fjölskyldunni lesbretti eða spjaldtölvur til að lesa?
- Eru til bækur heima hjá ykkur?
- Eigið þið sjálf bækur?
 - o Mikið, miðlungs, lítið

Lestur

- Lesið þið hratt?
 - o Vitið þið hvað þið lesið mörg atkvæði á mínútu?
- Skiljið þið hvað þið lesið?
- Finnst ykkur það hjálpa ykkur í skólanum að vera góð í lestri?
- Hversu margar bækur lesið þið á viku?
 - o En eftir skóla?
 - Hversu langan tíma á dag notið þið til lestur?
- Lesið þið meira eða minna á sumrin?
- Veljið þið öðruvísi bækur á sumrin?
- Hvar og hvenær er best að lesa?
- Eru einhverjir höfundar eða ákveðnar bækur sem eru vinsælar í bekknum ykkar?
 - o En hjá ykkur?

- Eru skólafélagar ykkar duglegir að lesa?
 - o Lesa stelpur meira en strákar eða strákar meira en stelpur?
- Er munur á þeim bókum sem stelpur og strákar lesa?
 - o Hvernig eru þessar bækur öðruvísi?
 - o Lesið þið líka hinar bækurnar?
- Skiptir einhverju máli hvort bókin er strákabók eða stelpubók?
- Finnst ykkur að strákar og stelpur eigi að lesa bæði stráka og stelpubækur?
- Eru einhverjar bækur skemmtilegri en aðrar?
 - o Hvernig bækur?
- Eru til leiðinlegar bækur?
 - o Hvernig bækur?
- Lesið þið fræðibækur?
- Lesið þið dagblöð?
- Lesið þið tímarit?
- Hlustið þið á hljóðbækur?
- Notið þið lestrarbretti eða spjaldröðvur?
- Óskið þið þess að fá bækur í jóla- og afmælisgjöf?
 - o Fáíð þið bækur í jóla – og afmælisgjafir?
 - Frá hverjum eru þær?
- Semjið þið sjálf sögur eða ljóð?
 - o Er það bundið við skólann eða utan skóla?
- Spjallið þið við aðra um bækurnar?
 - o Hverja?
- Um hvað spjallið þið, söguþráðinn eða persónurnar?
- Hvað finnst vinum þínum um að þú lesir mikið?
 - o Hvað finnst ykkur um þá sem lesa mikið?
- Skiptist þið á bókum við vini ykkar?

Að auka lestur

- Skiptir það máli að vera góð/ur í lestri?
- Haldið þið að hægt sé að hvetja krakka til að lesa meira?
- Hvernig er hægt að hvetja krakka til að lesa meira?

- Hver ætti að hvetja þau til að lesa meira?
- Hvernig hvetur maður vini sína til að lesa meira?
 - Fleiri hugmyndir?
- Eru einhverskonar lestrarátök í skólannum hjá ykkur þar sem er hvatt til lesturs?
 - Hvað er verið að gera? (lestrarormur, lestrartré, bókakynningar, annað).

Hvaða bækur eru valdar og hvernig

- Hvar fáist þið hugmyndir að þeim bókum sem þið lesið?
- Hver er það sem helst bendir ykkur á bækur?
- Hvar fáist þið bækurnar sem þið lesið?
 - Gefins, Amtsbókasafn, skólabókasafn.
- Notið þið skólabókasafnið mikið eða lítið?
- Skiptir útlit bókarinnar máli?
- Þegar þið sjáið bók vekur útlit hennar athygli ykkar?
- Er ekkert ákveðið sem dregur ykkur að ákveðnum bókum frekar en öðrum?
- Eru ákveðnir litir eða útlit á bókinni sem gerir hana spennandi?
- Skipta myndirnar máli?
 - Myndir inni eða utaná bókinni.
- Viljið þið fleiri teikningar eða færri?
- Sjáið þið bækur oft auglýstar?
- Má vera minna eða meira af auglýsingum um bækur?
- Er munur á hvaða tíma er verið að auglýsa barnabækur, á hvaða tíma o.s.frv.
- Hvar hafið þið helst séð bækur auglýstar?
 - Bókatíðindi.

Viðauki 3

Kæru foreldrar/forráðamenn

Í sumar verður gerð rannsókn á lestrarvenjum ungra bókaorma á Amtsbókasafninu á Akureyri. Rannsóknin er styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og unnin fyrir Barnabókasetur - rannsóknasetur um barnabókmenntir og lestur barna við Háskólann á Akureyri.

Tekin verða viðtöl við rýnihópa barna á sumarlestrarnámskeiðum safnsins en í hverjum hópi verða fjögur börn. Börnin verða spurð um lestrarvenjur, s.s. hversu oft þau lesa, hvort lesið sé á heimilinu, hvaðan þau fái hugmyndir að lesefni og hvernig félagarnir og þau líti á lestur. Markmiðið með viðtölunum er að fá innsýn í það hvernig börn öðlast og viðhalda áhuga á bóklestri.

Rannsóknir sýna dvínandi áhuga barna og unglunga á bóklestri. Þetta er afar neikvæð þróun enda eru skýr tengsl milli áhuga á bóklestri og lesskilnings sem er undirstaða alls náms. Það er því mikilvægt að komast að því hvað gerir börn að áhugasömum lesendum og hvernig fjölga megi lestrarhestum í grunnskólum. Þátttakendur á sumarlestrarnámskeiðinu gefa færi á að leita svara við þessum þáttum og því leitum við til ykkar um að barnið ykkar verði með í rýnihópi.

Viðtölin fara fram á námskeiðstímanum. Þau verða tekin upp á myndband og svör barnanna skráð. Börnin verða aldrei nafngreind í umfjöllun eða kynningu á niðurstöðunum.

Kristín Heba Gísladóttir og Þorbjörg Ólafsdóttir, MA-nemendur við Háskólann á Akureyri.

Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent við Kennaradeild HA og umsjónarmaður rannsóknarinnar.



Ég undirrituð/undirritaður gef hér með leyfi fyrir því að barnið mitt _____
(nafn barns) taki þátt í rannsókn Barnabókaseturs á lestrarvenjum ungra bókaorma.

Nafn

Dagsetning

